# Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholtinu

DESEMBER 2015

12. tbl. 22. árg.

SPÍRAN
BORÐUM VEL
GARÐHEIMUM • STEKKJARBAKKA 6

PANTAÐU Á DOMINOS.IS
DOMINO'S APP
SÍMI 58 12345

Sveinsbakarí
Hólagarði og Arnarbakka

Þessi fallega mynd er af Elliðavatnsbænum í Heiðmörk í jólabúningi. Þar stendur yfir sérstakur jólamarkaður fram að jólum. Mikið úrval af íslensku handverki og hönnun er að finna á markaðinum og meðal annars verður fáanleg hönnunarvara sem er gerð úr við úr Heiðmörk.
Nánar um jólamarkaðinn á bls. 18.


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
Iceland

Þú kemst alltaf í bankann á L.is
Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI
Apótekið
–einfalt og ódýrt
Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

Jólatilboð
Fjallalambs úrbeinað Hangikjöt
20 % afsláttur við kassa
Pralín ostakaka
Verð áður 1.464 kr.
Verð núna 1.299 kr.
FJALLALAMB KÖTASKERI NÁTTÚRULAFURÐ
Þín verslun
SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788
- á traustum grunni

# Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Landsprent ehf.
12. tbl. 22. árgangur
Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti


# Breiðholtið 50 ára

## ... bær í borginni

Breiðholtið er 50 ára á þessu ári. Er þá miðað við þann tíma þegar ákveðið var að hefja byggingu stærsta íbúðahverfis sem byggt hefur verið hér á landi til þessa. Ástæður að baki hugmyndum um byggingu Breiðholtsins má rekja til mikilla búsetubreytinga í landinu og mikils vaxtar Reykjavíkur áratugina á undan. Vöxtur borgarinnar var svo mikill að borgaryfirvöld höfðu um lengri tíð ekki haft undan að skipuleggja íbúðabyggð auk þess sem ströng gjaldeyrishöft á síðari hluta fimmta og fram eftir sjötta áratug liðinnar aldar settu öllum framkvæmdum miklar skorður. Á þessum tíma var mikill íbúðaskortur í Reykjavík og talsvert um að ónothæft og jafnvel heilsuspillandi húsnæði væri nýtt sem mannabústaðir í borginni.

Í júní árið 1964 var ákveðið að stjórnvöld og verkalýðshreyfingin gerðu með sér samkomulag um að efna til margvíslegra félagslegra umbóta í stað launahækkana sem hluta kjarasamninga. Ári síðar 1965 fyrir réttum fimmtíu árum var svo komið að framkvæmdum. Ríkisstjórn, samtök atvinnurekenda og verkalýðshreyfingin gáfu út yfirlýsingu í júlí 1965 um byggingu 250 íbúða á ári á fimm ára tímabili eða alls 1250 íbúðir. Til þess var skipuð sérstök framkvæmdanefnd byggingáætlunar. Talan 1250 íbúðir náðist þótt það tæki lengri tíma. En ef miðað er við júlísamkomulagið og skipan framkvæmdanefndarinnar er hægt að tala um fimmtugt Breiðholt. Þarna er upphafið að finna.

Menn geta deilt um eitt og annað er varðar byggingu Breiðholtsins – hvernig tókst til og hvernig byggðin hefur þróast og elst. Um annað verður vart deilt að þarna var efnt til mikils átaks til þess að bæta híbýli höfuðborgarbúa. Heldur ekki að á landi gamla Breiðholtsbýlisins hefur byggst og þróast þétt og fjölbreytt samfélag. Flest það fólk sem Breiðholtsblaðið hefur rætt við undanfarin áratug og býr eða hefur alist upp í Breiðholti talar vel til hverfisins og byggðarinnar. Breiðholtið er afmarkað af landfræðilegum aðstæðum og ber í sér öll einkenni þess að vera bær í borginni.


Einkarekið apótek
Lágt lyfjaverð - góð þjónusta
GARÐS APÓTEK
- rétt leið
Sogavegi við Réttarholtsveg
Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is


# STUTTAR BORGARFRÉTTIR

## Sjö þúsund íbúðir

Sjö þúsund íbúðir samþykktar í deiliskipulagi eða í skipulagsferli í Reykjavík.

3.500 nýjar íbúðir eru samþykktar í deiliskipulagi, 3.500 nýjar íbúðir eru í skipulagsferli og 4 til 5.000 nýjar íbúðir á þróunar- og framtíðarsvæðum þar á meðal um 500 íbúðir í Breiðholti. Þetta kom fram í erindi Dags B. Eggertssonar borgarstjóra á málþingi um framtíðaruppbyggingu í Reykjavík fyrir nokkru.

## Matvælum fyrir 4,5 milljarða hent

Matvælum fyrir 4,5 milljarða króna er hent árlega af reykvískum heimilum. Þetta eru niðurstöður forrannsóknar sem Landvernd hefur gert á matarsóun heimila í borginni fyrir styrk frá Reykjavíkurborg. Forrannsókn á matarsóun heimila í Reykjavík bendir til að a.m.k. 5.800 tonnum af mat og drykk sé hent af reykvískum heimilum árlega. Þetta samsvarar a.m.k. 4,5 milljörðum króna.

## Mikilvæg skref gegn ofbeldi

Reykjavíkurborg og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við Kvennaathvarfið. Markmið samstarfsins er að taka markvisst á þeim heimilisofbeldismálum sem upp koma í því skyni að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum. Þolendum er veitt betri þjónusta en áður og gerendur eru hvattir til að sækja meðferð. Þá hefur vinna lögreglunnar á vettvangi verið bætt. Mikilvægur hluti verkefnisins er að bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi en barnavernd fer með lögreglunni í útköll vegna heimilisofbeldis þegar börn eru á heimilinu og styður við þau í kjölfarið.

## Ætlar að spara 5% í rekstri

Skorið verður niður um 1,78 milljarð króna hjá Reykjavíkurborg á næsta ári samkvæmt samþykkt Borgarráðs. Stefnir borgin að því að spara um 5% í rekstri. Mesti niðurskurðurinn verður hjá Skóla- og frístundasviði, eða um tæpar 670 milljónir króna. Skorið verður niður um 412 milljónir á Velferðarsviði. Í Ráðhúsinu og miðlægri stjórnsýslu verður skorið niður um 325 milljónir. 172 milljónir hjá Umhverfis- og skipulagssvæði, 127 milljónir hjá Íþrótta- og tómstundasviði og um 72 milljónir hjá Menningar- og ferðmálasviði.

## Skíðalyftan í Breiðholti

Skíðalyftan við Lyftan við Jafnasel í Breiðholti á milli Seljahverfis og Fellahverfis er opin á virkum dögum frá kl. 16 til 20 og um helgar frá kl. 10 til 16. ÍTR starfrækir þrjár skíðalyftur sem ætlaðar eru börnum og byrjendum og eru þær opnar eftir því sem veður leyfir.

# Notaleg jólastemning í Garðheimum

**20% AFSLÁTTUR**

AF NORDMANNSÞIN, SERÍUM OG JÓLATRÉSSKRAUTI

YLJAÐU ÞÉR Á HEITU KAKÓ MEÐAN ÞÚ FINNUR DRAUMATRÉÐ!

VERÐ FRÁ 2.792KR

OPIÐ TIL KL. 22
ÖLL KVÖLD
TIL JÓLA

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

VIÐTALIÐ

# Er orðin naglföst í ÍR

**Sigríður Ósk Fanndal eða Sigga í ÍR eins og flestir þekkja hana ætlaði sér alltaf að verða Íþróttafræðingur og starfar meðal annars við þjálfun og kennslu á vegum ÍR. Hún er fædd og uppalin í Seljahverfinu. Segist eiginlega aldrei hafa farið þaðan. Prufaði þó annan stað í smá tíma en eftir að hún varð barnshafandi var hún fljót að hafa sig til baka. „Ég hef ekki hugsað mér að fara aftur úr Seljahverfinu enda er stutt á heimavöllinn minn," segir hún, sem er félagssvæði ÍR. Sigga gekk í Ölduselsskóla sem hún hælir mjög en þaðan lá leiðin í Menntaskólann við Sund og útskrifaðist hún þaðan af félagsfræðibraut. Hún fór í Háskóla Íslands og stundaði íslenskunám um hríð en snéri sér síðan að táknmálfræðinni. Þaðan fór hún í Háskóla Reykjavíkur og útskrifaðist með Bsc gráðu úr Íþróttafræði og Íþróttakennslu. Hún hefur einnig lagt stund á sálfræði og er með Bsc gráðu í sálfræði frá Háskólanum í Reykjavík. Fyrir henni er íþróttafræðin samt alltaf númer eitt - áhugamál og vinna og nú er hún að ljúka meistaranámi í verkefnastjórnun meðfram kennslu og þjálfun.**

Æskuminning mín er að hafa alist upp í mjög skemmtilegu umhverfi. Seljahverfið var ekki eins gróið þá og það er nú en það var mjög náttúrlegt og fyrir krakkana var margt hægt að gera. Ég gekk í Ölduselsskóla og á aðeins góðar minningar þaðan. Frábær skóli í ungu hverfi þar sem fólk var að koma sér fyrir og búa sig undir framtíðina. Og þetta er ekki eingöngu ég sem hugsa svona til æskustöðvanna því ef ég lít yfir jafnaldrahópinn minn úr Ölduselsskólanum þá held ég að margir búi enn í hverfinu og þeir sem fóru úr hverfinu eru flest ef ekki öll að koma til baka. Ég sé þetta best á því að ég er farin að þjálfa börn skólasystkina minna úr Ölduselsskóla og mér finnst þetta segja margt um hverfið. Krökkunum leið vel í uppvextinum og sækja á gömlu heimaslóðirnar. Getur nokkurt byggðahverfi fengið betri meðmæli."

Sigga bendir á að þessi þróun sé alls ekki komin á enda. „Nú eru að verða ákveðin kynslóðaskipti í hverfinu. Eldra fólkið – oft frumbýlingarnir eru komir á efri ár og vilja gjarnan minnka við sig. Mörg hús eru líka mjög stór eins og tíðkaðist að byggja á þeim tíma og sums staðar hefur þeim verið skipt niður þannig að litlar íbúðir hafa orðið til á neðri- eða jarðhæðum. Þetta opnar möguleika fyrir ung fólk og gerir mannlífið fjölbreyttara."

## „Komaaðborða" köllin hljómuðu um allt

Sigga segir talsverðan mun vera á því að alast upp í dag og á þeim tíma sem hún var á æskuskeiði. „Þetta er talsvert breytt. Tæknin er orðin allt önnur og krakkarnir komin á kaf í hana, sem hefur eins og með allt annað ákveðna kosti og galla. Við vorum mikið úti og fórum í alls kyns leiki. Og þegar komið var að mat var bara kallað á okkur. Köllin heyrðust út um allt. Hverfið hljómaði af „komaaðborða" köllum þegar klukkan var að verða sjö á kvöldin. Nú eru flestir krakkar með síma og foreldrar senda þeim bara SMS sem getur líka auðveldað málið svolítið."

## Tók íþróttirnar með trompi

Sigga varð snemma íþróttafrík ef svo má að orði komast. „Já – ég byrjaði snemma og tók þetta með talsverðu trompi. Ég stundaði íþróttir, fimleika og sund með Ægi og svo var ég alltaf dansandi – hef eiginlega dansað allt mitt líf. Þegar við bjuggum í Teigaselinu vorum við með leikherbergi í kjallaranum. Þar gerðum við vinkonurnar eitt og annað. Ég fékk vinkonur mínar til þess að koma og æfa dansa í leikherberginu og fara á handahlaupum ásamt ýmsu öðru, ég man að einu sinni vorum við með sýningu á sumardaginn fyrsta og buðum nágrönnunum að koma og horfa á. Þeir komu og við vorum fljót að fylla garðinn fyrir framan húsið."

## Samheldni einkenndi hverfið bæði þá og nú

Ég held að Ölduselsskóli hafi verið svolítið sérstakur fyrir hversu krakkarnir stóðu þétt saman. Ég hef auðvitað ekki beinan samanburð við eitthvað annað, en við vorum mjög þéttur hópur sem komum úr Ölduselsskóla. Báðir yngri bræður mínir voru í Seljaskóla eftir að við fluttum á milli skólahverfa og eldri sonur minn er í Seljaskóla í dag og líkar vel þar, svo er yngri sonur minn í leikskóla í Seljahverfi, sama leikskóla og báðir bræður mínir og eldri sonur minn voru í, og mamma og pabbi búa enn í hverfinu, þannig að við getum sagt að fjölskyldan öll finni fyrir góðri tenginu við Breiðholtið. Samheldni einkenndi allt hverfið og gerir enn í dag. Þetta var um margt eins og sveit eða samfélag þar sem fólk þekktist og blandaðst áreynslulaust. Og þetta hefur haldist alveg frá því ég man fyrst eftir mér. Í dag skrepp ég út í búð og fæ knús frá krökkunum sem ég er að þjálfa og kenna hjá ÍR. Samfélagið heldur utan um mann. Ég held að hverfið hafi þroskast með þessum hætti og sé ekkert að breytast."

Sigríður Ósk Fanndal.

Sigga segir að hún og krakkar sem voru að alast upp á sama tíma hafi ekki fundið mikið fyrir þeirri neikvæði umræðu sem haldið var á lofti um Breiðholtið. „Ef til vill náði hún minna inn í Seljahverfið en hin hverfin. Skilin á milli 109 og 111 voru nokkuð skýr hvað þetta varðar en í dag er allt Breiðholtið orðin meiri heild og ýmsir byrjunarörðugleikar eru að baki."

Sigga að störfum með krökkunum í ÍR.

## Fimleikarnir endurreistir

Fyrir um ári var tekin ákvörðun að kenna fimleika að nýju innan ÍR en þrír áratugir voru þá liðnir frá því þeir voru síðast á dagskrá félagsins. Sigga segir að eftir svo langt hlé hafi nánast orðið að fara af stað á byrjunarreit. Öll tæki og tól hafi skort og fyrsta skrefið hafi verið að hefja söfnun fyrir helstu áhöldum. Hún rifjar upp að þegar ÍR var stofnað fyrir 108 átta árum hafi það fyrst og fremst verið gert á grundvelli fimleika sem hafi sett sterkan svip á félagið fyrstu tvo áratugina en starfið síðan dregist saman og að lokun vikið fyrir öðrum viðfangsefnum. Þegar farið var að horfa eftir þjálfara staðnæmdust menn fljótt við nafn Sigríðar Óskar eða Siggu. Hún hefur auk menntunar áralanga reynslu af að þjálfa almenning og afreksmenn í ýmsum íþróttum, en hefur alltaf fundist ánægjulegast að vinna með krökkum. „Mér finnst þetta vera meiri háttar hjá stjórn félagsins að hefja fimleikana aftur til vegs og virðingar og byggja upp fimleikadeild við félagið. Ég ákvað að fara mér í engu óðslega og byrja smátt. Vinna þetta frekar smám saman. Við byrjuðum með fimleika fyrir fimm, sex og sjör ára, en átta og níu ára gömul börn bættust síðan við. Þetta kostar peninga og hefur frjálsíþróttadeildin haldið utan um starfið og okkur er vel sinnt innan þeirra deildar. En fimleikastarfið hefur farið vel af stað og greinilega er áhugi fyrir fimleikunum. Ég geri því ráð fyrir að þetta muni vinda upp á sig."

## Fimleikahús er framtíðin

Ekkert fimleikahús er í Breiðholti og fer starfsemi fimleikadeildarinnar fram í Íþróttahúsi ÍR heimilisins. En Sigga segir drauminn stærri. „Aðstaðan í ÍR heimilinu dugar okkur ágætlega enn sem komið er en auðvitað er stóri draumurinn sá að ÍR fái eigin fimleikahús í Breiðholti – þessu rúmlega 20 þúsund manna byggðarlagi. Mín skoðun er að frábært yrði fyrir Breiðhyltinga að

***Á þessu ári eru 162 iðkendur skráðir í Íþróttaskóla ÍR. Þetta eru börn á aldrinum tveggja til fimm ára en íþróttaskólanum er skipt niður í tveggja til þriggja ára og fimm til sex ára hópa. Í ÍR fimleika 103 eru skráðir en fimleikunum er skipt niður í fimm ára hóp, sex ára hóp, sjö til átta ára hóp og níu ára hóp. Gildi ÍR fimleika er að hreyfa sig og læra grunnfærni en einnig að hafa gaman og styrkja félagsleg tengsl. Í ÍR fimleikum er veri að læra og bæta almenna grunntækni í fimleikum, læra og bæta teygjur, samhæfingu, styrk og þol. Í Íþróttaskólanum er gleðin höfð í fyrirrúmi og þar eru leystar ýmsar þrautir þar sem börnin reyna á jafnvægi, fín- og grófhreyfingar, samhæfingu, líkamlegan þroska sem og félagslegan. Þau læra að bera virðingu fyrir öðrum, bíða í röðum og vinna saman. Skynfærin þarf einnig að örva og samhæfa og í leikfimi sem þessari reynir á þau öll.***

geta verið í sínu félagi í sínu hverfi og þyrftu ekki að stunda þjálfun og æfingar annars staðar. Breiðholti er nægilega stórt – nægilega fjölmennt hverfi til þess geta staðið undir því einkum ef þátttakendum fjölgar að mun eins og allt stefnir til og ég vona að verði“

Sigga segir ákveðið tækifæri felast í fimleikadeildinni fyrir sig. „Þarna er verið að endurreisa eina af undirstöðugreinum íþróttanna í Breiðholtinu og það er vissulega mjög áhugavert og skemmtilegt fyrir mig að fá að byggja þetta upp. Ég hef tengst íþróttum frá því að ég man eftir mér, ég var sjálf í íþróttaskóla, fór síðan að kenna í Íþróttaskóla ÍR og svo stjórna honum. Ég hef annast um íþróttastarf barna og í fimleikunum er byrjað mjög snemma. Ég bý því að talsverðri reynslu frá því að starfa með börnum í íþróttum.“

## Almenningsíþróttir verða alltaf undirstaða

En hvað finnst Siggu um brottfall úr íþróttunum. Er verið að vinna um of á keppnisgrundvelli eða á að leggja meiri áherslu á íþróttir fyrir alla. Hún segir að leggja verði áherslu á íþróttir fyrir alla. „Almenningsíþróttirnar eða íþróttir fyrir alla verða alltaf undirstaðan og það er einnig nauðsynlegt fyrir fólk sem hefur til þess áhuga að leggja keppni fyrir sig að byrja þar. En allir verða að geta verið með þótt þeir ætli ekki að leggja keppni fyrir sig. Hvað brottfallið varðar þá getur það átt sér ýmsar orsakir. Stundum verður það út af of mikilli pressu. Krökkum finnst gerðar meiri kröfur til sín en þau hafa áhuga á eða eru tilbúin að leggja á sig. Stundum getur gleðina vantað. Fólk er svo misjafnt að gerð. En gleðin er eitt af því sem við verðum alltaf að hafa í fyrirrúmi. Ef krakkar njóta ekki gleði í íþróttum er til lítils barist. Það verður alltaf að vera tilhlökkun eftir því að fara á æfingar og þær mega ekki snúast upp í að verða kvöð.“

Sigga segir sér finnast stelpur vera oft á tíðum einbeittari, en strákarnir oft áhugasamari. „Ég er með stelpur og stráka saman í fimleikunum og þar geta þau líka lært svo mikið af hvort öðru og nýtt styrkleika hvors annars. Fimleikarnir eru mjög góður grunnur fyrir allar aðrar íþróttir. Einkum er varðar hreyfigetu, almennan styrk, jafnvægi og kunna að beita líkamanum.“

## Orðin naglföst hjá ÍR

En er Sigga orðin naglföst hjá ÍR. „Já – það má eiginlega segja það. Ég er að vinna við það sem ég hef áhuga á og finnst gaman að gera. Ég er orðin eins og eitt af húsgögnunum í ÍR heimilinu. Svo er tengingin við hverfið og byggðina ákaflega sterk. Hér vil ég vera. Mér finnst mínir krakkar vera að upplifa það sama og ég gerði þótt tímarnir hafi breyst. Tíu ára strákurinn minn er úti flesta daga og á kafi í fótbolta. Í dag er minna um gömlu leikina sem við krakkarnir fórum í. Leiki á borð við fallin spýta, húla húla eða að sippa en annað hefur komið í staðinn. Breyttar aðstæður hafa þó ekki orðið til þess að krakkar séu hætt að fara út og leika sér en eflaust er minna um það en áður. Ég er viss um að kakkar séu ekki orðin kyrrsetunni að bráð eins og ég heyri oft rætt um í áhyggjutón. Eflaust eru til atvik þar sem þörf er að rífa þau upp af sófanum eða úr skrifborðsstólnum. En auðvitað fer þetta eftir fyrirmyndunum sem þau hafa. Ef foreldrar eru dugleg að fara út með börnunum og leika sér sjálf, er minni hætta á að þau verði kyrrsetunni að bráð. Við vitum að nýju leiktækin, tæki á borð við ipoda, tölvur og snjallsíma bjóða kyrrsetunni heim og geta breytt félagslegum samskiptum á milli krakka og ungmenna, og þá er um að gera að finna styrkleikann í þeim samskiptum en halda alltaf í hreyfinguna og leikinn. Þótt íþróttastarfið og þátttaka sem flestra sé mikilvæg skiptir heimilislífið – hugarfarið að baki krökkunum og áhuginn á að gera eitthvað með þeim mestu þegar kemur að hreyfingu og góðri heilsu. Pabbar og mömmur. Við getum svo mikið lært líka af börnunum, hvernig er að gleyma sér í leik og gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn. Allir út að leika, ekki bara börnin “ segir Sigríður Ósk Fanndal eða Sigga í ÍR að lokum.

SKATA

ÞÚ FÆRÐ SKÖTUNA, SALTFISKINN, HUMARINN, RÆKJURNAR OG LAXINN HJÁ OKKUR

FISKBÚÐ HÓLMGEIRS
MJÓDD

**Opnunartími til jóla:**
Alla virka daga kl. 9 - 18:30
Laugardaginn 19. des. kl. 10 - 15
Sunnudaginn 20. des. lokað
Mánudaginn 21. des. kl. 9 - 18:30
Þriðjudaginn 22. des. kl. 9 - 18:30
Miðvikudaginn 23. des. kl. 9 - 18:30
Fimmtudaginn 24. des. lokað

# Handverksóróinn „Rauðsokkar og húfuskott“ í Gerðubergi

**Handverksóróinn „Rauðsokkar og húfuskott“ var afhjúpaður í félagsstarfinu í Gerðubergi síðast liðinn föstudag 4. desember. Konurnar í félagsstarfinu Gerðubergi unnu verkið í tilefni af 100 ára kosningarétti kvenna í samstarfi við Menningarhúsið og er verkefnið hluti af þeirri dagskrá.**

Konurnar mættu í Prjónakaffið með svuntur og gerðu sér glaðan dag með þá Sigurð Guðmundsson og Þorvald Jónsson í fararbroddi en þeir stýrðu fjöldasöng með harmónikuspili. Á milli kl. 14.00 og 18.00 var markaðsstemning í Félagsstarfinu Gerðubergi þar sem margskonar handverksmunir voru til sölu og var markaðurinn einnig til staðar laugardaginn 5. desember. Handverksóróinn verður til sýnis á neðri hæð hússins allan desembermánuð og allir eru velkomnir.

Margt fallegra muna var á finna á markaðnum.

Sigurður Guðmundsson oft kenndur við Leirá þar sem hann var skólastjóri um árabil stjórnaði fjöldasöng og Þorvaldur Jónsson spilaði á harmonikkuna. Báðir hafa þeir lagt Félagsstarfinu í Gerðubergi lið í gegnum árin. Sigurður hefur meðal annars staðið fyrir hreyfingu af ýmsu tagi og Þorvaldur er ókrýndur harmoníkuleikari hússins.

Þær fegnu sér kaffisopa í félagsstarfinu í tilefni dagsins.

Gjafakort Íslandsbanka

Einfaldaðu ákvörðunina
með gjafakorti Íslandsbanka

Gjafakort Íslandsbanka hittir alltaf í mark og er gjöf með endalausa möguleika. Kortið má nota eins og önnur greiðslukort, bæði í verslunum um allan heim og á netinu.

Þú færð gjafakortið í fallegum umbúðum í næsta útibúi Íslandsbanka.

Íslandsbanki

# MJÓDDIN, GJAFIR & JÓLIN!

Vildarverð: 4.999.-
Verð: 6.999.-

Munaðarleysinginn

Vildarverð: 4.999.-
Verð: 6.999.-

Öll mín bestu ár

Vildarverð: 3.499.-
Verð: 4.799.-

Ég elska máva

Fineliner tússpennar í veski (36 stk.)
Vildarverð: 4.672.-
Verð: 6.229.-

25% vildar-afsláttur

## ÖLL PÚSL

25% vildar-afsláttur




Vildarverð: 5.999.-
Verð: 9.999.-

Atlas of the World

# ALLT
## JÓLAFÖNDUR

40% vildar-afsláttur

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

*A.T.H. Tilboð gilda einungis í verslun okkar í Mjóddinni.

## NÝ VERSLUN Í MJÓDDINNI

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vildarverð gilda 10. desember., til og með 13. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

## Stefnumið Hverfisráðs Breiðholts

# Starfsdagur Hverfisráðs og aukinn sýnileiki

**Ég er afar stolt af að senda inn grein í Breiðholtsblaðið, þar sem við í hverfisráðinu liggjum fram stefnuna sem við viljum fylgja í okkur vinnu. Hingað til hef ég verið að senda inn greinar þar sem ég hef lýst á mjög persónulegan hátt, þeim gildum sem við stöndum fyrir. Ég hef gert það í þeim tilgangi að kynna mig fyrir ykkur, vera sýnileg og vonandi komið því til skila að hægt er að nálgast mig, sem formann Hverfisráð og Breiðholtsbúa, með hugmyndum og athugasemdum. Ég vil vinna af bestu getu fyrir hag Breiðholts og Breiðhyltinga.**

Þann 3. nóvember sl. vorum við með starfsdag fyrir Hverfisráðið þar sem við ásamt hverfisstjóranum Óskari Dýrmundi Ólafssyni, unnum saman að gerð stefnumiða fyrir Hverfisráð Breiðholts. Stefnumiðin voru unnin út frá gildandi samþykkt fyrir Hverfisráðið þar sem stendur að okkar verksvið sé að stuðla að hvers konar samstarfi innan hverfisins, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varða verksvið þess. Þá getur hverfisráð gert tillögur um samræmingu á þjónustu borgarstofnana í einstökum hverfum.

### Vettvangur samráðs

Hverfisráð eru vettvangur samráðs íbúa, félagasamtaka, atvinnulífs og borgaryfirvalda, og eru virkir þátttakendur í allri stefnumörkun hverfanna. Þannig eru hverfisráðin ráðgefandi fyrir starfsemi þjónustumiðstöðva í hverfunum og stuðla að eflingu félagsauðs í þar. Hverfisstjóri mun taka mið af okkar stefnu í gerð starfsáætlunar fyrir Þjónustumiðstöð Breiðholts. Í okkar vinnu tókum við einnig mið af starfsáætlun Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, forvarnastefnu Reykjavíkurborgar, starfsáætlun Skóla og frístundasviðs, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, verkefninu um heilsueflandi Breiðholt og við leituðum einnig á þeim starfstöðvum, hjá samtökum og félögum, skoðuðum samsetningu íbúa og umhverfi okkar. Hér er afrakstur dagsins:

**1. Hverfisráð og lýðræði**
a. Aukinn sýnileiki hverfisráðs
b. Samstarf við Ungmennaráð Breiðholts
c. Hverfisráð haldi reglulega opna íbúafundi / Breiðholtsþing
d. Auglýst verði eftir styrkjum og styrkveitingum fylgt markvisst eftir
e. Vel skilgreindar viðurkenningar innan hverfis
f. Bætt tengsl við stjórnsýslu og svið borgarinnar
g. Bætt tengsl innan hverfis við stofnanir og þjónustu

**2. Þjónusta við fjölskyldur**
a. Stuðningur við Heilsueflandi Breiðholt
Styðja að aukinni hreyfingu barna og ungmenna með aukinni notkun frístundakorts
b. Stuðningur við uppbyggingu fjölskyldumiðstöðvar í Breiðholti
c. Stuðningur við Menntun núna

**3. Sjálfbært hverfi**
a. Þátttaka í hverfisskipulagi
b. Stuðlað að vistvænum samgöngum
c. Ræktunarmöguleikar fyrir matjurtir
d. Styðja við framþróun í flokkun og losun úrgangs
e Menntun og fræðsla um sjálfbæra þróun, útikennslu o.fl.
f. Hvatt til þátttöku og framþróunar í Grænum skrefum

**4. Efling félagsauðs**
a. Unnið að jákvæðum viðhorfum
b. Stuðlað að viðburðum og uppákomum í hverfinu
c. Bætt upplýsingaflæði um þjónustu
d. Fræðsla um mannréttindi og margbreytileika samfélagsins
e. Leita leiða til að bæta móttöku nýrra íbúa í hverfinu
f. Ráðningar í stofnunum taki mið af margbreytileika hverfisins

**5. Samstarf og starfsemi fyrirtækja og félagasamtaka**
a. Uppbyggileg samskipti og samstarf við fyrirtæki um umbætur og umhirðu lóða og fasteigna.
b. Stuðningur og samstarf við félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir og hópa um ýmis verkefni hverfinu til góða.
c. Efla öryggisvitund í hverfinu með íbúum, lögreglu og öðrum hagsmunaaðilum, m.a. í gegnum verkefni eins og hverfarölt og nágrannavörslu.

Nichole Light Mosty.

### Þurfum á ykkar hugmyndum, stuðningi og krafti að halda

Nú er það bara fyrir okkur að hefja vinnu við að sinna verkinu. Við getum auðvitað ekki gera það ein. Við þurfum á ykkar hugmyndum, stuðningi og krafti að halda. Við teljum að þessi stefnumið séu lifandi og eigi að vera í stöðugri þróun, þar sem við tökum mið af öllum möguleikum sem liggja hér í okkar sérstöðu, íbúum og umhverfi. Ég vona svo sannarlega að þið sjáið einhver tækifæri í þessum stefnumið og eru til í að vinna með okkur, kalla til okkur, eða einfaldlega fylgjast vel með okkur.

Að þessi sögðu ég vil óska ykkur allra fyrir hönd Hverfisráðs Breiðholts Gleðilegra jóla, góðs og farsæls komandi árs. Þakka ykkur fyrir góðar stundir á liðnum árum. Vá hvað ég hlakka til að vera Breiðholtsbúi árið 2016.

*Nichole Light Mosty.*
*Formaður Hverfisráðs Breiðholts.*

# FRAMÚRSKARANDI UM JÓLIN

Síðastliðin ár hefur Norðlenska skarað fram úr í bragðkönnunum.
Ár eftir ár hafa neytendur sett traust sitt á Norðlenska þegar kemur
að jólamatnum. Fyrir það erum við þakklát og ætlum að halda áfram
að uppfylla kröfur um indæla jólasteik.

NORÐLENSKA

# Fréttamolar úr Fellaskóla

**Í vetur hafa nemendur og starfsfólk átt góðar samverustundir í skólanum. Til okkar hafa komið ýmsir gestir, skemmtilegir atburðir átt sér stað og nemendur skólans fengið viðurkenningar svo eitthvað sé nefnt.**

Á Degi læsis tókum við þátt í skemmtilegu verkefni sem kallast: „Hættu, sestu og lestu“, en þá leggjum við niður öll störf og setjumst niður með bók og lesum í ákveðinn tíma. Á Degi íslenskrar náttúru fórum við út í góða veðrið og hreinsuðum skólalóðina og nærumhverfið. Þátttakendur voru minntir á mikilvægi þess að ganga alltaf vel um og setja allt rusl í tunnur. Í vetur mun hver bekkur hafa umsjón með skólalóðinni, eina viku í senn.

Í september stóðu umsjónarkennarar á unglingastigi fyrir átthagafræðiratleik. Nemendur fóru með strætó niður í miðbæ, þar sem þeir fengu vísbendingar um staði sem átti að finna og þrautir sem þurfti að leysa. Ratleikurinn hófst á Hlemmi og honum lauk á Austurvelli. Unglingarnir skemmtu sér afar vel.

## Tala á þriðja tug tungumála

Í lok september héldum við Alþjóðlegan tungumáladag, en sú hefð hefur skapast að halda slíkan dag í tilefni evrópska tungumáladagsins. Við komum saman á sal þar sem ýmis tungumál hljóma, bæði í tali og tónum. Í tungumálakunnáttu nemenda og starfsmanna skólans felst mikill auður, því auk íslensku tala nemendur og starfsmenn á þriðja tug tungumála.

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur líkt og venja er. Skemmtun fór fram á sal þar sem tónlist var allsráðandi. Gerðubergskórinn, nemendur af leikskólunum Holti og Ösp og nemendur úr tónskóla Sigursveins heimsóttu okkur og léku og sungu fyrir okkur ýmis lög. Allir skemmtu sér hið besta og góð stemmning ríkti á meðal hins breiða aldurshóps sem tók þátt.

## Þrír með viðurkenningu fyrir íslensku

Íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík voru afhent við hátíðlega athöfn í Norðurljósasal Hörpu á Degi íslenskrar tungu. Að þessu sinni hlutu þrír nemendur Fellaskóla viðurkenningu fyrir góðan árangur í íslensku. Þetta eru þau Austéja Rekeltaité í 4. bekk, Emilíanna Þórhildur Canada í 7. bekk og Emil Szymon Borowski í 10. bekk.

## Fötlun – aðgengi að lífinu

Guðjón Sigurðsson formaður MND félagsins og Arnar Helgi Lárusson formaður Samtaka endurhæfðra mænuskaddaðra og atvinnumaður í hjólastólaakstri heimsóttu 10. bekk og kynntu verkefni sitt „Aðgengi að lífinu“, en tilgangur þess er að efla skilning ungmenna á aðstæðum hreyfihamlaðra og vekja þau til umhugsunar um bætt aðgengi hreyfihamlaðra.

## Villi vísinda og Sævar Sólmyrkva

Villi vísindamaður og Sævar Helgi Bragason (Sólmyrkva-Sævar) heimsóttu nemendur í 1. – 7. bekk í nóvember. Þeir fræddu nemendur um vísindi, sýndu myndbönd og fengu sjálfboðaliða úr sal til að taka þátt í tilraunum. Heimsókn þeirra félaga vakti mikla lukku viðstaddra.

## Vertu næs – bætu samskiptin og umhverfið

Nemendur í 8. til 10. bekk fengu fræðslu í tengslum við verkefnið „Vertu næs“ þar sem þeir voru hvattir til að eiga jákvæð samskipti og bæta þannig samfélagið með samstilltu átaki. Rauði kross Íslands stendur fyrir verkefninu sem miðar að því að hvetja fólk til góðra samskipta án þess að uppruni, litarhaft eða trúarbrögð hafi þar áhrif. Góður rómur var gerður að fræðslunni alltaf gott að rifja upp mikilvægi þess að bera virðingu fyrir náunganum.

Hópur nemenda úr unglingadeild tók þátt í Skrekk, sem er árleg hæfileikakeppni grunnskólanemenda. Æfingar gengu vel og stóð hópurinn sig frábærlega á undanúrslitakvöldinu sem fram fór í Borgarleikhúsinu.

## Þorgrímur Þráins – verum ástfangin af lífinu

Rithöfundurinn Þorgrímur Þráinsson kom í heimsókn til 10. bekkjar fyrir stuttu og flutti fyrirlestur sinn „Verum ástfangin af lífinu", tilgangur hans er að styrkja sjálfsvitund unglinga. Þorgrímur fjallaði um þau gildi sem leiða að góðum árangri og minnti á að til þess að ná slíkum árangri þarf maður að hafa trú á sjálfum sér og láta ekki ótta við að gera mistök eða vera gagnrýndur hindra sig í að láta drauma sína rætast.

## Gegn einelti af öllum kröftum

Nemendur 9. bekkjar unnu á dögunum verkefni með dagskrárgerðarmönnum sjónvarpsins og má sjá afrakstur þeirrar samvinnu í þættinum Rætur sem væntanlega verður sýndur á RÚV.

Allir nemendur og starfsmenn, auk forráðamanna nemenda, undirrituðu á dögunum sáttmála gegn einelti. Sáttmálinn er svohljóðandi: „Við undirrituð heitum því að vinna af öllum kröftum gegn einelti. Við ætlum ekki að beita líkamlegu ofbeldi, andlegu ofbeldi eða útilokun. Við munum ekki horfa aðgerðarlaus upp á einelti, heldur ætlum við að hjálpa þeim sem fyrir því verða. Við vitum að allir eiga rétt á því að líða vel í skólanum. Við segjum NEI við einelti!

Hér hefur verið stiklað á stóru um eitt og annað sem við höfum verið að sýsla hér í Fellaskóla á haustönn. Það eru mörg spennandi verkefni framundan sem við hlökkum til að takast á við.

*Kær kveðja úr Fellaskóla*

Gerðubergskórinn, nemendur af leikskólunum Holti og Ösp og nemendur úr tónskóla Sigursveins heimsóttu okkur og léku og sungu fyrir okkur ýmis lög.

Þorgrímur Þráinsson heimsótti Fellaskóla og með Þorgrími á myndinni er Kamilla, en hún er skírð í höfuðið á aðalsöguhetju bókar Þorgríms "Á bak við bláu augun" sem kom úr árið 1992.

ÁÞENA
HÁRSNYRTISTOFA
Þangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

Vissir þú að það eru bara 47 skref í apótekið úr Heilsugæslu Efra Breiðholts?

Við erum með:

- Lyf á lægra verði – gerðu verðsamanburð
- Persónulega og hlýlega þjónusta
- Betri afslátt fyrir eldri borgara og öryrkja
- Fríar heimsendingar

Hraunbergsapótek
Heilbrigð skynsemi

Opið 8:30-18 á virkum dögum
info@hraunbergsapotek.is
Fésbók: hapotek
S: 530 9500

# Miðjan var svo sannarlega í Nýló í Breiðholtinu

## ... sagði Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra við opnum sýningar í safninu

**Heimurinn tilheyrir öllum, ekki fáum útvöldum er yfirskrift samsýningar átta nemenda á meistarastigi við Listaháskóla Íslands sem nú stendur yfir í Nýlistasafninu við Völvufell.**

Útgangspunktur sýningarinnar er sú umgjörð sem Nýlistasafnið lagði til, bæði í menningarlegu tilliti safneignar þess og sögu, sem og staðháttum og nærumhverfi safnsins í Breiðholti. Spurt er um miðju og útjaðar menningar; hvort hin virka innspýting og hreyfiafl í listsköpun sé ef til vill að finna á jaðrinum eins og í miðborginni. Er Völvufellið ef til vill meiri miðja en Lækjartorg? Fyrir hverja er myndlistin og hvert sækir hún sín áhrif? Dregin hafa verið fram óþekkt höfundarverk í safneign Nýlistasafnsins til samtals við nýjan höfund, hverfið hefur verið kortlagt í gönguferðum, það sem er fyrir utan hefur verið flutt inn og rými safnsins fengið nýjan ljóma og litatón. Gólfflísarnar á aðalhæðinni sem áður hýsti víðfrægt bakarí hverfisins, kallast nú á við lífrænar teikningar, hringlaga form og skuggaleik á veggjum. Alls staðar og allt um kring svífur saga Nýló; saga hræringa og framsækinnar myndlistar á Íslandi í 37 ár.

Illugi Gunnarsson, Becky Forsythe, Þóranna Björnsdóttir, Logi Bjarnason, Edda Kristín Sigurjónsdóttir og Þorgerður Ólafsdóttir.

Höfundar verka eru þau Aimee Odum, Ásgrímur Þórhallsson, Florence So-Yue, Giampaolo Algieri, Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir, Jens Michael Muhlhoff, Mia Van Veen, Myrra Leifsdóttir og Ragna Fróðadóttir. Sýningin var unnin undir leiðsögn myndlistarmannanna Elínar Hansdóttur og Ingólfs Arnarssonar. Sýningin opnaði laugardaginn 28. nóvember og hún stendur til 13. desember. Miðjan var svo sannarlega í Nýló í Breiðholtinu þennan daginn, sagði Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra um sýninguna þegar hana sá hana.

## Breiðholtið:

# Átak sem skilaði miklu

### Viðtal við Önnu Margréti Jónsdóttur, fyrrum fegurðardrottningu, flugfreyju og núverandi ferðamálafrömuð

**Breiðholtið er 50 ára á þessu ári. Í júní árið 1964 gerðu stjórnvöld og verkalýðshreyfingin með sér samkomulag um að efna til margvíslegra félagslegra umbóta í stað launahækkana sem hluta kjarasamninga. Samkomulagið var gjarnan kennt við mánuðinn júní og nefnt júnísamkomulagið. Ári síðar 1965 fyrir réttum fimmtíu árum var svo komið að því að fara af stað með byggingaverkefnið. Tveimur árum síðar voru hús tekin að rísa í landi Breiðholts og fólk að flytja inn. Breiðholtsblaðið fékk Önnu Margréti Jónsdóttur, fyrrum fegurðardrottningu, flugfreyju og núverandi ferðamálafrömuð til þess að rifja upp bernskuár sín og Breiðholtsins og lífið og tilveruna þar í tilefni þessara tímamóta. Hún ólst upp í Fellunum er í fyrsta árganginum sem útskrifaðist úr Fellaskóla.**

„Ég fluttist í Breiðholtið 1972 þegar foreldrar mínir þau Jón Oddur Kristófersson og Marín E. Samúelsdóttir fluttu í verkamannaíbúð í Unufelli eins og þær voru kallaðar. Það var mikið mál að fá þessar verkamannaíbúðir á þeim tíma og afi minn reddaði foreldrum mínum viðtali við Guðmund J. Guðmundsson verkalýðsforingja sem mikið kom við sögu Breiðholtsins en þá voru þessar íbúðir að verða uppseldar. Við fengum um 90 fermetra íbúð á annarri hæð. Þá var hverfið að byggjast upp og langt í frá að það væri fullbúið. Ég byrjaði sex ára í Fellaskóla haustið eftir að við fluttum og útskrifaðist úr þeim ágæta skóla – úr níunda bekk sem í dag er tíundi bekkur. Ég er úr fyrsta árgangi sem var allan grunnskólann í Fellaskóla.“

## Um 80% íbúanna undir 25 ára aldri

Anna Margrét segir mjög gaman að hafa alist upp þarna. Hún kveðst eiga margar góðar minningar um byggðina og í námi við Háskóla Íslands hafi hún valið Breiðholtið til að vinna verkefni. „Þegar ég fór að skoða þetta frá hinum fræðilega sjónarhóli komst ég að því að tveimur árum eftir að við fluttum upp eftir eða 1974 voru um 80% íbúanna undir 25 ára aldri sem segir þó nokkuð um árangurinn af júnísamkomulaginu. Þetta var að mestu leyti ungt barnafólk sem hafi fengið tækifæri til þess að koma sér upp húsnæði eða eigum við kannski að orða það með þeim hætti að koma sér upp sínu eigin heimili. En vegna þess hversu margar fjölskyldur voru í yngri kantinum og með börn var hverfið og mannlífið svolítið einsleitt á þessum tíma. Lítið var um einstæða foreldra þótt þeir fyrirfyndust. Það var heldur ekki þetta litróf mannlífsins sem er núna til staðar í Fellunum og víðast hvar í Breiðholtinu. Það voru allir eins.“

## Fólkið fann fyrir miklum breytingum

Anna Margrét segir að flest af þessu fólki hafi komið úr því sem sem stundum er kölluð millistétt. Verkafólk og iðnaðarfólk. Faðir sinn sé til dæmis menntaður járnsmiður og móðir sín Verslunarskólagengin. „Mig minnir að í einhverjum skipulagshugmyndum hafi verið gert ráð fyrir allt að 10 þúsund manna byggð í Fellunum og þetta var að mestu leyti allt láglaunafólk. Þetta voru blokkir hlið við hlið eða hvor á eftir annarri og á þessum tíma voru íbúarnir fleiri en þeir sem bjuggu á Akranesi. Svo voru raðhúsin byggð og þar bjó fólk sem taldi sig í hærri klassa. Langa blokkin sem oftast var kölluð langavitleysan er svo sér á parti. Ástæður fyrir byggingu hennar voru einkum tvær. Á þessum árum voru komnir til sögunnar byggingakranar sem hægt var að renna eftir brautum. Auðveldara var að byggja með þessa tækni við hendina og menn vildu ekki gera sömu dýru mistökin og í Bökkunum þar sem allt er byggt í u. Það var mun erfiðara að byggja eftir því skipulagi en fara bara endalaust í lengjurnar með hreyfanlegum byggingakrönum sem eltu bara steypumótin þegar þau voru komin á grunnana. Hin ástæðan fyrir lönguvitleysunni var sú að með því að byggja stigagangana saman var hægt að spara einangrunarefni vegna þess að eingöngu var um innveggi að ræða. Mér fannst langavitleysan alltaf ljót og hún er það enn. Ef maður labbar niður göngustíginn á bak við hana þá er hann svolítið dimmur vegna þess að blokkirnar snúa í austur og svo lokar langavitleysan fyrir vestan. Ég man að þegar krakkarnir voru að öskra í leikjum þá ómaði hverfi að ekkói af steinsteypu sem var ekkert leiðinlegt. En það var auðvitað verið að búa til ódýrar íbúðir til þess að útrýma ónothæfu húsnæði. Ömmusystir mín bjó í lönguvitleysunni. Hún hafði búið í braggahverfi áður en þau fluttu þangað. Maðurinn hennar var verkamaður. Þau áttu fimm börn og voru þarna í þriggja herbergja íbúð og voru alsæl. Það sýnir hvað fólk sem hafði búið við húsnæðisvanda fann mikla breytingu við að fá þetta húsnæði þótt það þætti ef til vill ekki fullkomið í dag fyrir stórar fjölskyldur. Þarna var fólk að flytja úr kjallaraholum og jafnvel kofaskriflum þar sem ekki var einu sinni rafmagn í öllum herbegjum og þótt ekki sé lengra liðið voru þetta hallir í margra augum.“

## Hverfið hafði ekki sál – allt var eins

Hvað gerðu krakkarnir í Breiðholtinu í þá daga. „Þau gerðu ýmisleg og þar á meðal vorum við að leika okkur í nýbyggingunum sem örugglega yrði ekki leyft í dag. Maður var að stökkva um sem var rosalega gaman því þarna voru hálfklaraðar blokkir út um allt. Svo var móinn fyrir ofan byggingarnar. Þangað fórum við í útilegur og stálum sígarettum til þess að prufa að reykja þar sem fullorðnir sáu ekki til. Það var heilt hvarfahverfi þar sem Vatnsendabyggðin er í dag. Við fórum líka niður að Elliðaám með bakpoka og nesti. Það var æðislegt að hafa náttúruna bara út í garði. En þetta varð líka til þess að ég fékk ást á miðbænum þegar fram í sótti. Þrátt fyrir allt umrótið, nýbyggingarnar og náttúruna allt í kring þá var hverfið sálarlaust. Allar byggingarnar voru eins og það var eins og allir væru eins. Fólkið var að byggja og koma sér fyrir og annað komst oft ekki að. Svo kom maður í fjölbreytileikann í gamla bænum þar sem öllu ægir saman. Alls konar byggingum og alls konar fólki. Og þótt ég hefði allt það sem Breiðholtið hafði að bjóða á þessum tíma þá man ég að ég labbaði um gamla bæinn með vinkonu minni þegar ég var tólf ára og hugsaði um það eitt að þar vildi ég búa. Við horfðum á risíbúðirnar í gömlu húsunum þar sem við vildum eiga heima. Og þegar ég keypti fyrstu íbúðina mína þá var hún í gamla bænum og ég er búin að búa þar síðan.“

Anna Margrét Jónsdóttir ferðamálafrömuður.

## Alltaf pláss fyrir alla

Anna Margrét rifjar upp þann hugsunarhátt sem var ríkjandi á þessum tíma. „Þegar ég var að alast upp vorum við fimm í fjölskyldunni. Bræður mínir voru saman í herbergi en engu að síður var alltaf nægt pláss fyrir ættingja frá Húsavík og búa hjá okkur til dæmis þegar þeir voru að byrja í menntaskóla. Þá voru bara allir saman í herbergjum. Þetta þætti auðvitað ekki boðlegt í dag en okkur fannst alveg nóg pláss. Það voru tveir bræður hjá okkur sinn hvorn veturinn og bræður mínir voru saman í herbergi þangað til að ég flutti að heiman. Þá voru þeir 14 og 18 ára gamlir.“

## Margrét var besti kennari í heimi

Árin í Fellaskóla eru Önnu Margréti minnisstæð og þar koma bæði kennarar og nemendur við sögu. „Ég var í Fellaskóla og var svo heppin að hafa besta kennara í heimi – kennara sem kenndi mér nánast allan barnaskólann og mótaði mann á marga hátt. Hún heitir Margrét Jónsdóttir og er enn að kenna í Fellaskóla. En það sem hún vogaði sér að gera var að fara í barnsburðarleyfi alla vega tvisvar á tímabilinu. Hún var alltaf með sama bekkinn og við vorum stilltust og best þegar hún var með okkur en þegar hún var í barnsburðarleyfunum urðum við algerlega óalandi og óverjandi. Ég man eftir að í eitt skipti að afleysingakennari sem var kona á miðjum aldri – sennilega á mínum aldri í dag og okkur fannst hún hræðilega gömul. Einn daginn þegar hún kom til baka eftir að hafa farið fram voru engir krakkar í skólastofunni því við skriðum öll út um gluggann. Hún kom ekkert aftur, fékk taugaáfall og það þurfti að fá annan kennara. Þetta var á þeim tíma sem margir villingar voru í hverfinu. En Margrét gat verið ströng og hún var líka spör á hrós þótt hún hrósað okkur stundum. Henni tókst að halda aga á hópnum og við bárum virðingu fyrir henni. Ég hef stundum hugsað til þessara daga og vellt fyrir mér hvort börnum sé hrósað of mikið í dag. Hvort of mikið hrós geti skaðað þau. Þegar Margrét hrósaði okkur þá vissum við að það var þess virði. Að við höfðum unnið til þess. Margrét er góður kennari og bara mjög klár kona. Ég held að hún sé ein af þremur kennurum við Fellaksóla sem hafa starfað við skólann frá upphafi og í dag er um helmingur nemenda hennar af erlendu bergi.“

## Ýmsir þekktir komu úr Fellunum

Anna Margrét segir að í upphafi hafi verið um 1500 börn í Fellaskóla sem segi margt um þessa nýju byggð. Skólahúsið var engan veginn nægilega stórt og það stóðu svonefnd viðlagasjóðshús sem höfðu verið keypt hingað til lands vegna eldgossins í Vestmannaeyjum á skólalóðinni og þar var einnig kennt. Til dæmis var söngkennslan í húsi út á lóð. Sem dæmi um samheldnina get ég sagt að við héldum reunion nýlega og það mættu um 90 manns af 132 sem útskrifuðust úr fyrsta árganginum. Þetta var ótrúleg mæting, við söfnuðum fyrir gjöf til nemendafélagsins og það var mjög gaman að hittast eftir öll þessi ár.“ Anna Margrét segir ýmsa þekkta þjóðfélagsþegna kom úr þessum heimi. „Skjöldur Sigurjónsson matreiðslumaður og helmingurinn af Kormáki og Skildi er einn þeirra. Hann var alinn upp í Fellunum og var algjör villingur á þessum árum. Sjón skáld og rithöfundur var annar og Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson tónlistarmaður sem stofnaði Todmobile og fleiri hljómsveitir var einnig í þessum hópi og Jakob bassaleikari sem spilar með John Grant. Björk Guðmundsdóttir var líka þarna. Hún er ári eldri en ég og hljómsveitirnar Tappi tíkarrass og Purkur Pilnikk voru ekki langt undan.“

## Fellahellir átti enga samlíkingu

Svo kom Fellahellir. „Já – svo kom Fellahellir. Tónabær var kominn til sögunnar en með Fellahelli var þetta tekið dálítið lengra. Maður á margar skemmtilegar minningar úr Fellahelli. Það mátti meira að segja reyka þar á ákveðnum stöðum – nokkuð sem ekki yrði liðið í tómstundaheimili unglinga í dag. Þetta var frábær samveruvettvangur og hreint ótrúleg að þetta skildi takast. Þetta er eitt af því sem alltaf hefur vantað í miðbænum. Þetta var reynt í Austurbæjarskóla en þótti ekki takast nægilega vel en Fellahellir sem nú er mötuneyti Fellaskóla átti sér enga samlíkingu í heimi unga fólksins.“

## Fékk fyrsta og eina bónorðið 12 ára

Anna Margrét segir að hún hafi fengið fyrsta bónorðið í Fellunum og raunar það eina á lífsleiðinni. Biðillinn ungi heitir Árni Harðarsson og var nýlega fluttur í Seljahverfið með fjölskyldu sinni. „Hann var bara eitt kvöldið á dyrabjöllunni og spurði mig hvort ég vildi byrja með sér. Við vorum 12 ára. Og hvað átti maður að segja. Já. En svo fékk ég vinkonu mína til þess að segja honum upp fyrir mig út á leikvelli því mér fannst hann vera of stuttur. Við byrjuðum svo aftur í partý eftir samræmduprófin í níunda bekk og það hefur staðið síðan. Hann var að vinna á bensínstöðinni við Suðurfell með skólanum. Krakkar unnu held ég alveg jafn mikið með skólanum þá og í dag. Ég var líka alltaf að vinna – var í bæjarvinnunni og var líka í Vestmannaeyjum. Fékk starfskynningu hjá Surtsey VE.“

## Úr grænmeti í ungfrú Ísland

„Ég ég fékk svo fasta vinnu í grænmetinu í Blómavali. Þar eignaðist ég eina bestu vinkonu mína, hana Sollu, sem var líka að vinna þar. Danskóli Heiðars Ástvaldssonar var í Fellunum og mörg okkar voru send

Anna Margrét var valin Ungfrú Ísland árið 1987.

Anna Margrét með samstarfsfólki á Around Iceland.

þangað. Skólinn hjá Heiðari var svona önnur félagsmiðstöð í hverfinu Hanna Frímannsdóttir kona hans var með KARON sýningarsamtökin. Þetta leiddi til þess að við urðum sýningarstúlkur hjá Heiðari og Hönnu. Við vorum svona vinnufíklar og ég hef líklega aldrei losnað frá því. Við vorum alin upp við að dugnaður væri dyggð. Ég man að við vorum eitt sinn í myndatökum fyrir vikuna. Vikan kom í sjoppuna í Fellunum og var hengt þar upp með mynd af okkur á forsíðunni. Við vorum 15 ára og ég var ekki meiri bógur en svo að ég vildi ekki fara í sjoppuna fyrr búið var að taka myndina niður. En eitt leiddi af öðru og veran í KARON varð til þess að ég tók þátt í keppninni um ungfrú Íslands 1987 og vann keppnina."

## Embla – dönskukennsla og grillklíka

„Það var mikið um lifandi starfsemi. Þarna var KRON og fleiri verslanir en nú er þetta meira og minna draugabyggð. Bókabúðin Embla var í Fellunum og þangað var ég send eftir Family Journal fyrir mömmu og stöku sinnum eitt og eitt Rapport fyrir karlpeninginn. Þar fór dönskukennslan fram. Maður lærði dönsku af blöðunum eins og margir Íslendingar. Breiðholtsbakarí var líka þarna í bakhúsi og þar er Nýlistasafnið í dag. Svo var grill þarna efra og þar var líka klíka – svona grillklíka sem átti ekki mikla samleið með okkur. Maður var oft skíthræddur við þetta lið. Og það verður að segjast eins og er að margir þeirra hafa lent undir í lífinu – jafnvel átt sér griðastað á Litla Hrauni."

## Stimpillinn hefur pirrað mig

Anna Margrét snýr sér að umfjöllun um Breiðholtið. „Hann hefur alltaf pirrað mig stimpillinn sem Breiðholtið fékk á sig. Þegar verið var að tala um öll þessi vandamál sem þar áttu að vera. Ef tölfræðin er skoðuð þá hefur ekki verið meira um afbrot í Breiðholtinu en annars staðar og jafnvel minna þegar afbrot eru skoðuð sem hlutfall af fjölda íbúa. Auðvitað eru og verða alltaf til unglingavandamál í flestum hverfum en íbúafjöldinn var svo mikill á þessum tíma að tölurnar úr Breiðholtinu gátu orðið hærri en annars staðar en ekki sem hlutfall af þeim fjölda sem bjó þar. Við erum alltaf að stæra okkur af hversu góð við erum í hinu og þessu sem hlutfall af íbúafjölda en þarna vantaði að fjölmiðlarnir stæðu með Breiðholtinu. Og enn er verið að tala um Breiðholtið á niðrandi hátt. En þetta sem hverfi getur verið Brooklin Reykjavíkur. Ungt fólk hefur haft efni á að kaupa sér íbúðarhúsnæði og nýbúar sem hafa annað hugarfar til skulda en við og vilja ekki skuldsetja sig um of horfa á lægra íbúðaverð." Anna Margrét segir frábært fyrir þjóðfélagið að fá blandaða menningu með fólki sem flytur hingað. Þetta er ekkert annað en innspýting í okkar menningarlíf sem eykur fjölbreytni þess að mun. Varðandi nýbúana höfum komist hjá því að gera sömu mistök og ýmsir aðrir til dæmis Svíar sem söfnuðu fólki frá öðrum löndum inn í sérstök hverfi þar sem fólkið einangraðist og fékk ekki tækifæri til þess að þiggja af menningu nýja landsins. Með því að byggja margar íbúðir á litlu svæði fyrir fólk með lægri innkomu skapast ákveðin samfélagsgerð og Breiðholtið hefur goldið fyrir það þótt nú sé orðið breyting á. En þetta verk – bygging Breiðholtsins var engu að síður mjög þarft á sínum tíma fyrir hálfri öld. Að koma með nýjar íbúðir fyrir fólk sem bjó við ömurlegar aðstæður var stórkostlegt framtak og við skulum ekkert gleyma því að fólk bjó í herbröggum og öðrum hreysum í Reykjavík allt fram á áttunda áratuginn."

## Átak sem skilaði miklu

En hvað er Anna Margrét að gera í dag. Hún hefur sinnt ferðamálum um lengri tíma. „Já – ég fékk miðaldurskrísuna snemma og sagði upp hjá Icelandair eftir 30 ára starfsferil. Ég fór í nám í ferðamálafræði og gerði þar meðal annars verkefni um tilurð og uppbyggingu Breiðholtsins. Fyrir um átta mánuðum kom ég inn í ungt fyrirtæki sem heitir Around Iceland. Við erum fjögur sem stöndum að því í dag og erum öll fyrrverandi starfsmenn Icelandair. Mér finnst mestu forréttindin felast í að starfa sem leiðsögumaður sem ég geri öðru hvoru og finna hvernig fólk sér landið okkar með augum gestsins. En aftur að Breiðholtinu. Það var átak sem skilaði miklu.

Mjódd

Komdu í þægilegt og gott umhverfi
Við tökum vel á móti þér

Handverksmarkaður, jólaland fyrir krakkana, persónuleg og góð þjónusta

# Ölduselsskóli sigraði á jólaskákmóti TR og SFS

**Ölduselsskóli sigraði skólaskákkeppni barnaskólasveita á Jólaskákmóti TR og SFS 29. til 30. nóvember. Mótið er liðakeppni milli skólanna á Reykjavíkursvæðinu þar sem teflt er á fjórum borðum. Skáksveit Ölduselsskóla hefur gert góða hluti á mótinu síðastliðin ár enda er sveitin skipuð reynslumiklum og hæfileikaríkum skákmönnum. Forkeppni barnaskólasveita borgarinnar er skipt í tvennt en Ölduselsskóli sendi tvær sveitir til keppni að þessu sinni. Liðsmenn A-sveitarinnar voru Óskar Víkingur Davíðsson, Mykhaylo Kravchuk, Stefán Orri Davíðsson, Baltasar Máni Wedholm Gunnarsson og Birgir Logi Steinþórsson, sem einnig tefldi fyrir B-sveit. Sú sveit var jafnframt skipuð Elfari Inga Þorsteinssyni, Viktori Má Guðmundssyni og Árna Benediktssyni. Liðsstjóri var Björn Ívar Karlsson, skákkennari frá Skákakademíunni.**

Skemmst er frá því að segja að A-sveit Ölduselsskóla sigraði allar skákirnar sínar í undanriðli með 24 vinninga af 24 mögulegum sem er ótrúlegur árangur. B-sveit skólans kom nokkuð á óvart með góðum árangri og lenti í 3. sæti sem einnig er glæsilegur árangur. Þetta þýddi að A-sveitin var komin í úrslit mótsins þar sem sveitin atti kappi við A- og B-sveitir Rimaskóla og A-sveit Háteigsskóla. Enn og aftur sýndu strákarnir úr Breiðholtinu yfirburði sína en þeir sigruðu af miklu öryggi í úrslitunum, fengu 10,5 vinning af 12 mögulegum, og enduðu vel fyrir ofan næstu sveit.

## Afrakstur vinnu síðustu ára

Árangur skáksveita skólans á mótinu er afrakstur mikillar vinnu síðastliðinna ára. Strákarnir hafa allir æft stíft, bæði í skólanum, en einnig utan hans, m.a. með Skákfélaginu Huginn og Taflfélagi Reykjavíkur. Þess má einnig geta að tveir piltar úr sigursveitinni, bræðurnir Óskar Víkingur og Stefán Orri, tóku þátt í HM ungmenna sem fór fram fyrr í haust með góðum árangri. Boðið er upp á vikulegar skákæfingar í Ölduselsskóla í samvinnu við Skákakademíu Reykjavíkur. Fyrir þá krakka í Breiðholtinu sem hafa áhuga á skák má benda á ókeypis, opnar æfingar hjá Skákfélaginu Huginn á mánudögum frá kl. 17:15 til 19. Æfingarnar eru í Álfabakka 14a í Mjóddinni, inngangur er á milli Fröken Júlíu og Subway og er félagsheimilið á 3. hæð.

Skáksveitir Ölduselsskóla. Einn keppanda Árna Benediktsson vantar á myndina.


Full búð af nýjum spennandi úrum

GULL-ÚRIÐ • MJÓDDINNI
Álfabakka 16 • sími 587 4100
Axel Eiríksson úrsmíðameistari

Jólatilboð
á dúnsængum
og koddum

DÚN & FIÐUR
Hreinsun og endurnýjun í yfir 50 ár
Laugavegi 86 • 101 Reykjavík
S: 511 2004 • E-mail: dunogfidur@dunogfidur.is
www.dunogfidur.is

www.breidholt.is

Eru tryggingarnar þínar í lagi?
vís

Kristinn Rúnar Kjartansson
kristinnk@vis.is
Sími 560 5155 | GSM 820 0762

Býð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk

# Helgihald í Breiðholti um jól og áramót!

## Fella- og Hólakirkja

**Aðfangadagur:**
**Aftansöngur kl. 18.**
Prestur Svavar Stefánsson.
Einsöngur Kristín Ragnhildur Sigurðardóttir.

**Miðnæturguðsþjónusta kl. 23.30.**
Prestur Guðmundur Karl Ágústsson.
Einsöngur Sólrún Bragadóttir.

**Jóladagur:**
**Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.**
Prestur Guðmundur Karl Ágústsson.

**Gamlársdagur:**
**Aftansöngur kl. 18.**
Prestur Guðmundur Karl Ágústsson.
Einsöngvari Sigurður Skagfjörð.

**Nýársdagur:**
**Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.**
Prestur Svavar Stefánsson.
Sóley Björk Einarsdóttir leikur á trompet.
Arnþrúður Ösp syngur einsöng.

Arnhildur Valgarðsdóttir organisti og kór kirkjunnar annast tónlist í öllum athöfnum um hátíðarnar ásamt auglýstu tónlistarfólki.

Sjá nánar á heimasíðu kirkjunnar: fellaogholakirkja.is

---

*Starfsfólk og sóknarnefndir óska sóknarbörnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári með kærum þökkum fyrir samstarf og samverur á árinu sem senn kveður!*

## Breiðholtskirkja

**20. DESEMBER 4. sd. í aðventu**
**Jólasöngvar fjölskyldunnar kl. 11.**
Prestur sr. Þórhallur Heimisson.
Félagar úr kór Breiðholtskirkju leiða almennan jólasöng við orgelundirleik.
Sungnir verða jólasálmar og tónlist jólahátíðarinnar hljómar.

**24. DESEMBER aðfangadagur**
**Aftansöngur kl. 18.**
Prestur sr. Þórhallur Heimisson.

**25. DESEMBER jóladagur**
**Hátíðarguðsþjónusta kl. 11.**
Prestur sr. Gísli Jónasson

**26. DESEMBER annar jóladagur**
**Fjölskylduguðsþjónusta kl. 14.**
Prestur sr. Þórhallur Heimisson.
- Börn flytja helgileik
- Hópur barna úr 6-9 ára starfinu syngur

**31. DESEMBER gamlársdagur**
**Aftansöngur kl. 18.**
Prestur sr. Þórhallur Heimisson.

**1. JANÚAR nýársdagur**
**Hátíðarmessa kl. 14.**
Prestur sr. Þórhallur Heimisson.

Nánari upplýsingar má finna á www.breidholtskirkja.is

## Seljakirkja

**Aðfangadagur**
**Guðsþjónusta í Seljahlíð kl. 11.**
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
Gerðubergskórinn syngur.
Organisti: Árni Ísleifsson.

**Beðið eftir jólunum kl. 15.**
- Jólastund fyrir börnin.
Barnakórar Seljakirkju syngja.

**Aftansöngur kl. 18.**
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
Páll Rósinkranz syngur einsöng.
Schola cantorum syngur.

**Miðnæturguðsþjónusta kl. 23.30.**
Sr. Bryndís Malla Elídóttir prédikar.
Kór Seljakirkju syngur.
Dísella Lárusdóttir syngur einsöng.

**Jóladagur**
**Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.**
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
Kór Seljakirkju syngur.

**Guðsþjónusta í Skógarbæ kl. 16.**
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
Félagar úr Kór Seljakirkju leiða söng.

**Gamlársdagur**
**Aftansöngur kl. 18.**
Sr. Bryndís Malla Elídóttir prédikar.
Erla Björg Káradóttir syngur einsöng.
Kór Seljakirkju leiðir söng.

**Nýársdagur**
**Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.**
Sr. Bryndís Malla Elídóttir prédikar.
Kór Seljakirkju syngur.

**Guðsþjónusta í Skógarbæ kl. 16.**
Sr. Bryndís Malla Elídóttir prédikar.
Félagar úr Kór Seljakirkju syngja.

Organisti við guðsþjónusturnar er Tómas Guðni Eggertsson.

Nánari upplýsingar má finna á www.seljakirkja.is

# Margar hönnunarhugmyndir þriðju bekkinga

Teningur úr geisladiskum en gamlir geisladiskar geta nýst vel sem undirstaða í hönnunarverk.

**Í vetur hefur ýmislegt verið endurunnið í sköpunartímum í þriðja bekk Breiðholtsskóla og leitað verið fanga í náttúruna og þess sem til fellur í skólanum og af heimilunum. Geysimargar hugmyndir eru til um endurvinnslu á Pinterest.com og þangað höfum við stundum leitað í okkar hugmyndavinnu.**

Meðal þess sem gert hefur verið er teningur úr geisladiskum, tappalúdó úr gosflöskutöppum, pennastandur úr áldósum og könglum og snjókorn úr íspinnaspýtum og púsluspilum. Stærsta verkefnið er þó myndarammi úr endurunnum leikföngum og bylgjupappa utan af ljósritunarpappír. Í sköpunartímunum er klippt, límt, þrætt, málað, teiknað, spreyjað og jafnvel plastað undir gullaldartónum Elvis Presleys – sem vissulega er ákveðin endurnýjun þegar horft er til aldurhópsins, ekki satt? Eins og myndin sýnir er gaman að endurvinna og nemendur í þriðja bekk Breiðholtsskóla hvetja alla til að flokka og hugleiða þessi mál.

## Fella- og Hólakirkja:

# Sólrún Bragadóttir fyrsti söngvari í tónleikaséríu

**Arnhildur Valgarðsdóttir organisti í Fella- og Hólakirkju stendur fyrir nýrri tónleikaseríu þar sem fram koma með henni þekktir íslenskir einsöngvarar. Fyrsti söngvari seríunnar verður Sólrún Bragadóttir, og þeir tónleikar verða fimmtudagskvöldið 7. janúar í Fella- og Hólakirkju og hefjast kl. 20, aðgangseyrir kr. 2.500. Um er að ræða nokkuð óvenjulega tónleika þar sem í fyrri hlutanum verða fluttar hver yndislega Ave Marían eftir aðra og eftir hlé mun Sólrún stilla sig inná stemmninguna á staðnum og velja lög eftir tilfinningu. Valið verður úr búnka af aríum og ýmsum lögum.**

Að loknu námi hérlendis lauk Sólrún Bragadóttir meistaragráðu í einsöng og kennslu frá tónlistarháskólanum í Bloomington í Indiana. Meðal kennara hennar þar var hin þekkta rúmenska söngkona, Virginia Zeani. Hún hefur starfað við helstu óperu- og leikhús í Þýskalandi t.d. í Kaiserlautern, Hannover, Düsseldorf, Mannheim, München, Karlsruhe, Kiel, Kassel, Heidelberg og einnig í Belfast, Avignon, Liége, Bern, Palm Beach, Tsuyama í Japan og víðar. Meðal hlutverka Sólrúnar má nefna Mimi í La Bohème, Suor Angelica í samnefndri óperu, Desdemona í Otello, Gilda í Rigoletto, Elísabet í Don Carlo, Michaelu í Carmen, Marie í Seldu Brúðinni, Liú í Turandot, Donna Anna í D.Giovanni, Elettra í Idomineo, Greifafrúna í Brúðkaupi Fígarós, Pamínu í Töfraflautunni og Fiordiligi í Così fan tutte. Einnig nokkur hlutverk í konsert uppfærslum svo sem Leonoru í Fídelió og Margarite í Faust. Sólrún hefur oft komið fram sem einsöngvari með hljómsveitum, tekið þátt í óperum, ljóðatónlist, óratoríum og sungið Vínartónlist. Undanfarin ár hefur hún skapað sinn eiginn tónleikastíl þar sem efnisskrá er ekki fyrirfram ákveðin. Hún hefur einnig þróað ferli sem hún kallar Söngheilun þar sem hún spinnur laglínur og tóna fyrir fólk sem liggur fyrir í slökun eftir að hafa farið í gegnum ákveðinn undirbúning í formi hugleiðslna, tónunar og öndunaræfinga. Hún hefur byggt upp námskeiðaferli sem hún kallar Sacred sound hugleiðsla sem er opið fyrir alla og "Úr viðjum vanans, syngjandi og dansandi þar sem hún starfar með Sigurborgu Kr. Hannesdóttur 5Rytmadanskennara. Að auki hefur hún skapað nýtt námskeiðaform fyrir söngvara sem hún kallar Soulflowsinging. Sólrún er búsett á Ítalíu þar sem hún starfar sem einsöngvari og námskeiðahaldari.

Sólrún Bragadóttiróperusöngkona.


## Snyrtistofan Meyjan

**Ný snyrtistofa** opnaði í Hólmaseli 2 þann 3. desember.
Eigandi stofunnar er Linda Björk **snyrtifræðingur** sem býður upp á snyrtimeðferðir fyrir alla.

**Opnunartilboð** til 11. desember

15% afsl. af litun og plokkun

15% afsl. af vaxmeðferðum

15% afsl. af vörum

**Sími: 785 3448**

Meyjan snyrtistofa


# Bókafréttir úr Breiðholtinu

**Það kennir margra grasa hjá Bókaútgáfunni Hólum í Breiðholtinu nú fyrir jólin. Hrekkjalómafélagið – prakkarastrik og púðurkellingar, eftir Ásmund Friðriksson, er saga þessa einstaka félagsskapar sem lifði góðu lífi í 20 ár og skildi eftir sig ógrynni af óvæntum uppákomum.**

Önnur bók af gamansömum toga er Það er gott að búa í Kópavogi sem er Gamansögur af Kópavogsbúum í samantekt Gunnars Kr. Sigurjónssonar og Guðjóns Inga Eiríkssonar. Þar stíga margir fram í sviðsljósið, s.s. Gunnar Birgisson, Sigurður Geirdal, Finnbogi Rútur, Hildur Hálfdanardóttir, Sigríður Soffía Sandholt, Arnór L. Pálsson, Pétur Þ. Sveinsson og Þórður á Sæbóli.

### Um knattspyrnuna

Fótboltaspurningar, eftir þá feðga, Guðjón Inga Eiríksson og Bjarna Þór Guðjónsson, inniheldur nákvæmlega það sem heiti hennar segir til um og vafalítið hafa ungir sem eldri gaman af glímunni við spurningarnar sem þar eru. Þeir eru einnig höfundar Spurningabókarinnar 2015 og koma þar við á fjölmörgum sviðum.

### Tvær ljóðabækur

Tvær ljóðabækur koma út hjá Hólum á þessu ári. Önnur heitir Ígrip og er eftir Stefán Finnsson lækni. Efni ljóðanna er af ýmsum toga, saknaðarljóð, náttúrulýsingar, ýmsar tilfinningatengdar minningar úr æsku höfundar og margt fleira. Ljóðin eru öll ort undir hefðbundnum bragarháttum. Hin heitir Hvítir veggir. Hér er á ferðinni fyrsta ljóðabók Sigrúnar Haraldsdóttur.

ÍSLENSKT GÓÐGÆTI Í GJAFAKASSA

TILVALIN JÓLAGJÖF

Saft, sultur, krydd, te, hunang, ostar, salt.
Nokkrar tegundir. Gott verð!

**Erum alla föstudaga á markaðstorgi í Mjódd.**
*Kynnið ykkur frábærar vörur úr íslenskri náttúru*

íslensk hollusta
–frá náttúrunnar hendi!

SKÚTAHRAUNI 7 | HAFNARFIRÐI | islenskhollusta.is



Sveinsbakarí
Arnarbakka og Hólagarði

Smákökur, hálfmánar, lagtertur, enskar jólakökur, sælkerabotnar, döðlubotnar, svampbotnar, marens, sérlagaðar tartalettur, smákökudeig og eftirréttatertur.

Opið alla daga vikunnar.

Verið velkomin - Veljum íslenskt.

# Rakaskemmdir í Ölduselsskóla

**Tveir árgangar nemenda Ölduselsskóla fá inni í Seljakirkju og kennslu fleiri nemenda þarf að flytja tímabundið til því loka þarf hluta af húsnæði skólans vegna rakaskemmda og skaðlegrar myglu í kennsluhúsnæðinu.**

Í þessum mánuði verður byrjað á miðrými í kennsluálmu fimmta til sjöunda bekkjar og síðan haldið áfram eftir því sem þurfa þykir. Ríma þarf þann hluta skólahúsnæðisins þar sem viðgerðir fara fram og er það gert til þess að tefja ekki verkið. Áætlað er að viðgerðirnar í miðrýminu taki um mánuð. Rakaskemmdirnar eru á nokkrum stöðum og því þarf að ráðast í umfangsmiklar viðgerðir.

TAKK FYRIR AÐ FLOKKA

## Græn tunna fyrir plast

**Nú bjóðum við borgarbúum upp á græna tunnu undir plast til að auðvelda flokkun.**

**Með flokkun eykst endurvinnsla plasts og magn urðaðs úrgangs minnkar – okkur öllum til hagsbóta.**

Gjald fyrir græna tunnu verður 8.400 krónur á ári og verður hún losuð á 21 dags fresti líkt og bláu tunnurnar. Borgarbúar sem ekki kjósa græna tunnu hafa val um að koma plasti sjálfir á næstu grenndar- eða endurvinnslustöð og spara sér gjaldið.

**NÝ SPARTUNNA.** Með aukinni flokkun minnkar blandaði úrgangurinn. Þess vegna kynnum við til sögunnar nýja spartunnu. Hún er mjórri en sú hefðbundna gráa og tekur 120 lítra í stað 240 og verður losuð samhliða hefðbundnu gráu tunnunum á 14 daga fresti frá áramótum.

Nokkur dæmi um hvernig breytt tunnusamsetning hefur áhrif á gjöldin:

**EINBÝLI**

**1 GRÁ** + **1 BLÁ** = **37.780 kr.** á ári.
**1 SPARTUNNA** + **1 BLÁ** + **1 GRÆN** = **36.680 kr.** á ári.
**1 SPARTUNNA** + plasti og pappír skilað á grenndar- eða endurvinnslustöðvar = **18.780 kr.** á ári.

**LÍTIÐ FJÖLBÝLI** (6 íbúðir)

**6 GRÁAR** = **29.280 kr.** á ári pr. íbúð
**4 GRÁAR** + **2 BLÁAR** = **25.013 kr.** á ári pr. íbúð
**3 GRÁAR** + **2 BLÁAR** + **2 GRÆNAR** = **24.263 kr.** á ári pr. íbúð

**FJÖLBÝLI** (20 íbúðir)

**17 GRÁAR** = **26.085 kr.** á ári pr. íbúð
**15 GRÁAR** + **5 BLÁAR** = **26.080 kr.** á ári pr. íbúð
**10 GRÁAR** + **5 BLÁAR** + **5 GRÆNAR** = **22.855 kr.** á ári pr. íbúð

Allar upphæðir eru samkvæmt fyrirliggjandi drögum að gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs fyrir árið 2016.

**Hvernig samsetning hentar þér?**
Þú getur pantað græna tunnu eða spartunnu og gert aðrar breytingar á þinni tunnusamsetningu með einu símtali við þjónustuver Reykjavíkurborgar í síma 411 1111 eða með tölvupósti á sorphirda@reykjavik.is.

Nánari upplýsingar um allt sem lýtur að sorphirðu og flokkun er að finna á **www.ekkirusl.is**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

SORPA Reykjavíkurborg



SNYRTISTOFA SÆUNNAR
ARNARBAKKA

LITUN & PLOKKUN
HANDSNYRTING
ANDLITSBÖÐ
VAX·FÖRÐUN·NUDD

ARNARBAKKA 2
SÍMI 557-3122

facebook.com/snyrtistofa.saeunnar



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu.

GARÐS APÓTEK - rétt leið
Sogavegi við Réttarholtsveg
Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is



Túnikur, bolir og flottir skór.

Þú færð jólafötin og jólagjöfina hjá okkur.

Sjón er sögu ríkari

**Verið velkomnar**

Fröken Júlía

Mjódd - S. 557 5900

# Hönnunarkeppni, rímnaflæði og margt fleira

**Nú er desember genginn í garð og dagskráin fyrir seinasta mánuð ársins tilbúin. Það verður nóg að gera hjá okkur í félagsmiðstöðvunum (eins og alltaf) og má þá einna helst nefna jólahlaðborðið 9. desember og söngkeppni og ball Breiðholts sem verður á milli jóla og nýárs. Opnunartími yfir hátíðarnar verður mikið til óbreyttur. Lokað verður 23. til 25. desember, sem og 31. desember. Annars er best að skoða opnunartíma sinnar félagsmiðstöðvar á Facebook eða heimasíðum.**

Annars var margt og mikið að gerast í nóvember mánuði líka. Félagsmiðstöðvardagurinn var mjög vel heppnaður og yfir 200 manns mættu í heildina í Breiðholtinu. Haldið var frábært Rímnaflæði í Miðbergi 27. nóvember síðastliðin þar sem okkar menn úr Hólmaseli, Oliver Sveinsson og Alex Birkir Bjarkason lentu í öðru sæti. Einnig vorum Hólmasel og Bakkinn með lið á hönnunarkeppninni Stíl á laugardeginum 28. nóvember, og stóðu krakkarnir þar sig með miklum sóma. Keppnin var haldin í Hörpu og var öll sú glæsilegasta.

Bakkinn var með lið í hönnunarkeppninni Stíl.

Hólmasel var einnig með lið í hönnunarkeppninni.

Oliver Sveinsson og Alex Birkir Bjarkason úr Hólmaseli lentu í öðru sæti í rímnaflæði.

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á árinu.
GULLSMIÐURINN Í MJÓDD

# Nemendur sjúkraliðabrautar fluttu lokaverkefni

**Málstofa var haldin fimmtudaginn 19. nóvember í sunnusal FB þar sem útskriftarnemendur sjúkraliðabrautar fluttu lokaverkefni sín. Tilgangur þess að halda málstofu er tvíþættur: Annars vegar verður námið markvissara með því að nemendur safni saman þekkingu sinni, kunnáttu og færni í stuttum fyrirlestri og hins vegar að sýna fram á umfang námsins fyrir hvern og einn.**

Sjúkrliðanemar ásamt kennara sínum Ágústu Jóhannsdóttur.

Nemendur sem hafa lokið vinnustaðanámi á sérdeildum, vin 305 og skrifað lokaverkefni kynna í málstofu niðurstöður af skrifum sínum, tilgang þess að velja viðfangsefni sitt og hvað þeir lærðu af þeim skrifum. Að þessu sinni voru erindin 10 og fjölluðu um Skaðaminnkun, að alast upp með foreldri með geðröskun og þau úrræði sem eru í boði, tilgang hugrænnar athyglsimeðferðar, valdeflingu og batameðferð, áhrif eiturlyfja á persónuleikaþroska ungmenna, áhættuhegðun, rafmeðferð á djúpt þunglyndi og áhrif neyslu á unglinginn. Einnig var umfjöllun um viðbrögð á geðdeildum við ofbeldi. Nemendur og aðrir gestir höfðu gagn og gaman af og vel tókst til við flutning á þessum fjölbreyttu erindum. Umsjónarkennari með málstofu og vinnustaðanámi á sérdeildum er Ágústa Jóhannsdóttir kennari FB.

## Jólamarkaðurinn við Elliðavatn

# Hönnunarvara úr Heiðmörk

**Jólamarkaðurinn við Elliðavatn verður opinn allar helgar fram að jólum frá klukkan 11 til 16. Mikið úrval af íslensku handverki og hönnun. Meðal annars verður fáanleg hönnunarvara sem er gerð úr við úr Heiðmörk.**

Sannköllum jólastemning við Elliðavatn.

Jólamarkaðurinn á Elliðavatni er dásamlegur staður, til að flýja ys og þys borgarinnar um stund, og til að finna réttu jólastemninguna í friðsælu og fallegu umhverfi. Það tekur aðeins 15 mínútur að aka frá miðbæ Reykjavíkur að Elliðavatnsbænum í Heiðmörk og innan við 10 mínútur úr Breiðholti. Laugardaginn 12. desember kemur Ragnar Helgi Ólafsson rithöfundur á kaffistofu kl 13, Guðni Benediktsson verður með barnastund í Rjóðrinu kl. 14 og stafrænn Hákon með glussajól á kaffistofu kl. 15. Sunnudaginn 13. desember verður Heiðrún Ólafsdóttir rithöfundur í kaffistofunni kl. 13, Sigrún Eldjárn & Hafdís Huld verða með barnastund í Rjóðrinu kl. 14 og Hljómsveitin Wesen í kaffistofu kaffistofu kl. 15. Laugardaginn 19. desember kemur Lóa Hjálmtýsdóttir rithöfundur í kaffistofuna kaffistofu kl. 13 og barnastund í Rjóðrinu kl. 14. Sunnudaginn 20. desember syngur mótettukór á hlaði Elliðavatnsbæjarins kl. 12. Kristín Svava rithöfundur mætir í kaffistofuna kl. 13.

Ævar Vísindamaður verður með Barnastund kl. 14 og Snorri Helgason mætir í kaffistofuna kl. 15.

Systrasamlagið
Gjafir sem gefa!



Íslenska FLOTHETTAN!
Nú með nýju mynstri eftir Sigga Eggertsson.
Án efa notalegasta jólagjöfin!

Nærandi MÖNTRUARMBÖND!
Orð eru til alls fyrst. Silfruð & gyllt.
Á konur og karlmenn.

LÍFRÆNN & SMART
Eigum nú með nýju sniði:
Buxur
Boli
Toppa
Samfestinga

Ekkert toppar MANDUKA!
Manduka PRO og eKO jógadýnur í mörgum litum og stærðum.
Einnig jógahandklæði, -púðar, --kubbar, -töskur, -bönd ofl. fylgihlutir.
Manduka gefur tóninn í jógaheiminum.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Virkir dagar 8:30 - 18
Laugardagar 10 - 16
Opið sun 20. des frá 12-17 • Þorláksmessu til 19.00

Auðvelt að opna og enn auðveldara að loka, umbúðir sem svínvirka

# Nýjar og spennandi áleggstegundir úr 1. flokks íslensku grísakjöti

Álegg beint frá bónda
fyrir kröfuharða Íslendinga

STJÖRNU GRÍS

Þú finnur Stjörnugrís áleggin
í kælinum í næstu verslun.

# Hlín vann jólakorta-samkeppnina FB

**Hin árlega jólakortasamkeppni FB var haldin á haustönn. Þátttaka var mikil og bárust 22 tillögur, margar hverjar mjög góðar.**

Hlín Hrannarsdóttir nemandi á myndlistarbraut bar sigur úr býtum með mynd af jólakettinum. Dómnefnd skipuðu Guðrún Halldóra Sigurðardóttir sviðsstjóri listnáms, Halldóra Gísladóttir myndlistarkennari og Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari. Við óskum Hlín innilega til hamingju.

Hlín Hrannarsdóttir, sigurvegari í samkeppni um jólakort 2015.

Jólakötturinn blíður á svip í útfærslu Hlínar.

Frá leikhúsferðinni.

# Tíundu bekkingar í leikhúsfræðslu

**Nokkrir nemendur úr 10. bekk í Hólabrekkuskóla fóru í starfskynningu hjá Borgarleikhúsinu þann 23. nóvember síðastliðinn. Þar tók Magnús Guðmundsson leikari á móti hópnum og fengu þau að fara baksviðs og skoða töfraheima leikhússins.**

Nemendur sáu búninga, leikmyndir, leikmuni og fengu að fylgjast með leikurum á æfingu fyrir leikritið Njála. Nemendur fengu einnig góða fræðslu um leikhúsið og sáu þau fjölmörgu störf sem eru innan Borgarleikhússins, en þar er ekki bara leikið heldur er þar að auki smíðað, hannað, saumað, leikstýrt og farðað svo nokkur dæmi séu nefnd.

# Frá Bach til Boney M.

## ... eftir séra Ólaf Jóhann Borgþórsson

Um það geta flestir sammælst að þessu er ákaflega góður, þrátt fyrir allt það áreiti sem ösinni fylgir. Í desembermánuði liggur glaðvæðin í loftinu á flestum heimilum, hlýjan og umhyggjan svo ríkjandi í samskiptum manna á milli. Við höfum áhuga á högum og kjörum hvers annars og viljum að öllum líði vel. Aldrei er gefið meira til þeirra sem líða skort en í desembermánuði og margir eru fúsari til að styðja við góð málefni. Allt er þetta vegna birtu jólanna, sem berst til okkar. Við hugsum um þau gildi sem þá skipta máli og eiga í raun og veru alltaf að skipta mestu máli. Trú, von og kærleikur. Allt annað víkur fyrir þessum grunngildum kristninnar svo við fáum notið hátíðarinnar. Tilefnið er fæðing frelsarans, boðskapur hans sem við látum okkur máli skipta og heilögu jólin snúast um. Við söfnumst saman í helgidóminum til þess að koma okkur í hátíðarskap sem tilefninu hæfir. Minna okkur á boðskapinn, englana, hirðana en fyrst og síðast á frelsarann í jötunni. Enginn hefur haft jafnmikil áhrif á heiminn og breytni manna heldur en Jesús Kristur. Hinn raunverulegi frelsari sem milljarðar manna játa trú sína á og vilja fylgja í sínu daglega lífi.

Í því samhengi finnst sumum það skipta miklu máli að minna á þá staðreynd að uppruna jólanna megi rekja til heiðinnar hátíðar. Það er kunnara en frá þurfi að segja. Forfeður okkar heiðnir héldu jól, hátíð til árs og friðar. Það var svall, blót til að tryggja hringrás náttúrunnar. Kristnin tengdi þá hátíð fæðingu frelsarans og kristnaði hin heiðnu jól. Hliðstæðar hátíðir jólum er víða að finna í heimi trúarbragða og menningaheima. En engin er þó eins og jólin hvað varðar áhersluna á góðvild, gjafmildi, og náungakærleik. Hér hjá okkur setja jólin mark sitt á þjóðlífið allt, með altækari hætti en nokkuð annað. Það er vegna þess að um aldir hefur hin kristna frásögn, viðmið og gildismat verið ofið inn í líf okkar og heim. Þess vegna þurfa bæði ungir sem aldnir að fá tækifæri til að heyra jólaguðspjallið, boðskap englanna á Betlehemsvöllum og hvaða þýðingu fæðing frelsarans hefur fyrir hvert og eitt þeirra. Þegar Drottinn sjálfur fæddist sem ómálga barn í þennan heim. Og englarnir birtust hirðunum, þessari lágstétt sem naut svo lítillar virðingar, og tilkynntu þeim fyrstum allra gleðiboðskapinn. Allt hafði þetta sína merkingu og undirstrikaði að frelsari mannkyns kæmi í þennan heim fyrir alla menn, óháð stétt þeirra eða stöðu.

Ólafur Jóhann Borgþórsson.

Og kristnir menn vita það að í þessu barni er fólgin von heimsins. Við þekkjum jólaguðspjallið öðrum frásögnum betur, frásögnin sem við miðum tímatal okkar við, sagan sem þú mátt vera viss um að forfeður þínir 16. ættliði aftur í tímann, fylltust von við að heyra, er hún var flutt þeim ár eftir ár í, húslestri í baðstofukitru eða á moldargólfi við litla ljóstýru.

Frásagan sem milljónir listamanna, frá Bach til Bony M, DaVincy til drengins í næsta húsi hafa reynt að túlka fyrir okkur, reynt að miðla boðskapnum áfram þannig að okkur skiljist að ,,hann var í jötu lagður lágt, en ríkir nú á himnum hátt“

Frásagan í Betlehem er sú sem gefur jólunum hið sanna inntak, þar liggur frelsun mannanna frelsisins lind. Guð steig fram og kom nær þér, aðfangadagur er kvöldið sem Guð og maður skilja hvorn annan hvað best og himin og jörð snertast. Orðin hans, hans hjartans mál, varð hold, barn maður, og það orð er þetta: Ég elska þig, ég er frelsari þinn. Þetta birtir Jesús Kristur, barnið heilaga, maðurinn fullkomni, fæddur þér, krossfestur fyrir þig og er með þér alla daga. Njótum þessara daga sem framundan eru og leyfum birtu jólanna að fylgja okkur áfram þó hátíðinni sjálfri ljúki.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

Hjá okkur færðu
hollustu, gæði & þjónustu
yfir 20 ára reynsla
Á veitingastað okkar bjóðum við upp á um 40 rétti af matseðli auk ríkulegra hádegisverðartilboða ásamt súpu dagsins.
Verið velkomin og látið úrvalið koma á óvart...
Fiskur er hrein náttúruafurð við notum engin auka- eða bætiefni við vinnsluna

Skötuveisla á Þorláksmessu
Við tökum vel á móti þér á Þorláksmessu og dagana fyrir.
Opið í veitingahúsi
21., 22. og 23. desember
frá kl. 10-22.
Bjóðum upp á skötu í nokkrum styrkleikum, saltfisk og plokkfisk.
Borðapantanir í síma 587 2882
Gallerý fiskur

OPIÐ: Veitingahús: Virka daga kl. 11.30-14.00
Fiskbúð: Virka daga kl. 09.00-18.15
Gallerý fiskur - Veitingastaður / verslun - Nethylur 2 - 110 Reykjavík - Sími: 587 2882 - www.galleryfiskur.is

# ÍSLENSKT EFTIRLÆTI

Við hjá Nóa Sírius erum þakklát fyrir að hafa fengið að fylgja Íslendingum á hátíðum og haminguðstundum í áratugi. Með notkun á fyrsta flokks hráefnum og ástríðu fyrir því sem við gerum höfum við unnið traust þjóðarinnar og erum stolt af því að vera órjúfanlegur hluti af hátíðarhöldum hennar.

Núna í ár kynnum við nýjan og einstakan konfektmola, innblásinn af íslenskum náttúruöflum, með stuðlaberg í forgrunni. Ljúffengt Sírius súkkulaði, fyllt með mjúkri saltkaramellu sem bráðnar í munni. Sannkölluð veisla fyrir bragðlaukana og ómissandi hluti af hátíðunum.

NÓA Konfekt

GOTT AÐ GEFA, HIMNESKT AÐ ÞIGGJA

Quality Cocoa for a Better Life

ÁRNASYNIR

# Leiknismenn á Suðurnesjum

**Strákarnir í 6. flokki Leiknis mættu eldsnemma í Hópið í Grindavík síðast liðinn laugardag til að leika í æfingamóti gegn Grindvíkingum og Álftnesingum.**

Strákarnir sýndu engin þreytumerki þrátt fyrir að hafa vaknað klukkan sjö og gerðu sér lítið fyrir unnu fimm af sjö leikjum. Þeir spiluðu skemmtilegan bolta og voru þjálfarnir gríðarlega sáttir með þær miklu framfarir sem strákarnir sýndu. Eftir mótið fóru drengirnir í Bláa lónið ásamt þjálfurum og foreldrum og skemmtu allir sér konunglega.

Sama dag spiluðu einnig „stóru“ strákarnir í Leikni/KB í síðari hluta undankeppni Íslandsmótins í Futsal. Mótið fór fram í Garði en Leiknismenn voru í góðri stöðu eftir fyrri hluta keppninar með sjö stig af níu mögulegum. Mótið hófst með leik gegn heimamönnum í Víði og vannst hann 5-3. Þegar leikur tvö hófst var ljóst að Leiknismenn myndu tryggja sig áfram með sigri á Reyni Sandgerði en sá leikur vannst 3-2 og kom sigurmarkið á lokamínútu leiksins. Leiknismenn eru því komnir áfram í aðra umferð Íslandsmótsins í Futsal.

www.leiknir.com

SKAUTAHÖLLIN REYKJAVÍK
Sími: 588 9705
www.skautaholl.is
**Opnunartímar:**
Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.
Föstudaga
13:00 til 19:00.
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.
**Skólar og sérhópar:** Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Getraunanr. 111 www.leiknir.com
Leiknir var stofnað 1973 Austurbergi 1, Efra Breiðholti

# Nýtt tímabil hafið undir stjórn nýrra þjálfara

**Nýtt æfingatímabil hjá drengjunum í meistaraflokki Leiknis er farið af stað og nú undir stjórn nýrra þjálfara. Leiknismenn réðu á haustmánuðum til sín nýja þjálfara. Kristján Guðmundsson, gamall Breiðhyltingur, tók við stjórnartaumunum. Honum til halds og traust er svo Jörundur Áki, sem skemmtilegt nokk, starfar við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Að auki var ráðinn á dögunum markmannsþjálfarinn Gísli Einarsson sem kemur af næsta bæ, eða úr Kópavogi.**

Leiknismenn hófu æfingatímabilið með þátttöku í árlegum minningarleik um Hlyn Þór ÍR-ing. Minningarleikurinn hefur verið spilaður um nokkur ára skeið og markar ávallt upphaf nýs tímabils. Leiknismenn voru sterkari aðilinn að þessu sinni og skoruðu þrjú mörk gegn einu marki ÍR – inga.

Leikurinn byrjaði rólega en Leiknismenn skoruðu fallegt mark eftir um 15 mínútur. Var þar á ferðinni Ólafur Hrannar. Eftir markið voru okkar menn talsvert sterkari aðilinn og hefðu átt að skora a.m.k. eitt mark enn áður en hálfleikurinn var allur. ÍR-ingar áttu samt sína spretti án þess þó að skapa færi.

Leiknismenn sóttu stíft framan af síðari hálfleik en ÍR-ingar jöfnuðu metin úr vel útfærðri skyndisókn. Leiknispiltar létu það þó ekki á sig fá og Elvar Páll kom okkar mönnum yfir með fínu marki. Áður en yfir lauk skoraði Kristján Páll magnað mark, átti frábæra móttöku yfir varnarmann ÍR og vippaði svo yfir markvörðinn.

Kristján Guðmundsson, nýráðinn þjálfari Leiknis.

Leiknismenn hófu því nýtt tímabil á fínum sigri í nokkuð góðum leik þótt ÍR ætti sannlega sína spretti. Leikmenn sýndu fína takta en friskleg framganga ungra Leiknismanna vakti athygli.

# Daði Bærings lykilmaður í U19 ára landsliði Íslands

**Daði Bærings Halldórsson lék hverja einustu mínútu í leik íslenska landsliðsins þegar liðið lék í undankeppni Evrópumótsins á dögunum. Daði lék á miðjunni og tryggði Íslendingum jafntefli gegn Dönum með marki í uppbótartíma. Hann lék einnig allar 90 mínúturnar í hinum leikjunum tveimur gegn Ísrael og Möltu.**

Daði er fæddur árið 1997 og lék fjóra leiki með Leikni í sumar í Pepsí-deildinni. Frammistaða Daða með landsliðinu vakti talsverða athygli en piltur gerði nýjan samning við Leikni á dögunum. Aðrir Leiknispiltar hafa verið kallaðir í landsliðsúrtök á undanförnum vikum. Sævar Atli Magnússon hefur verið valinn í 22 manna úrtak hjá U17 ára landsliðinu og Vuk Oskar Dimetrijevic var valinn í úrtak fyrir U16 ára landsliðið. Það er því óhætt að segja að framtíðin sé björt í Breiðholti.

Daði Bærings Halldórsson.

Höfum allt í jólapakkann!
ÍR- og Leiknisvörur
Mikið úrval af vörum úr enska boltanum
Leikföng í úrvali
Leiksport
Sími 5575020
Hólagarði

# Áttahundruð börn á jólamóti ÍR og Nettó körfubolta

**Árlegt jólamót ÍR og Nettó í körfubolta fór fram helgina 28.-29. nóvember í íþróttahúsi Seljaskóla, Hertz-hellinum. Tæplega 800 börn á aldrinum 6-11 ára mættu til leiks en í ár voru alls 167 lið skráð til keppni.**

Dagskrá helgarinnar var að vonum þétt en áætlað er að um 2000 manns hafi lagt leið sína í Hertz-hellinn á laugardag og sunnudag. Spilað var frá morgni til kvölds alla helgina. Mótið gekk afar vel fyrir sig og voru keppendur, þjálfarar og aðrir sem sóttu mótið frabærir gestir í alla staði. Ánægjan skein úr hverju andliti. Körfuknattleiksdeild ÍR sem stóð fyrir mótinu þakkar þátttakendum fyrir komuna, Nettó fyrir stuðninginn og öllum sjálfboðaliðunum sem komu að skipulagningu og umgjörð mótsins.

Krakkar á jólamóti ÍR og Nettó.

# Fyrstu Íslandsmeistarar ÍR í karate

**ÍR-ingar sem kepptu í Íslandsmeistaramóti fullorðinna í kumite laugardaginn 14. nóvember s.l. náðu glæsilegum árangri, lentu þeir allir í verðlaunasætum og lönduðu fyrsta Íslandsmeistaratitli ÍR í karate.**

Sverrir Ólafur Torfasson ÍR varð Íslandsmeistari í flokki karla +84 kg og var þetta hans fyrsti Íslandsmeistaratitill í fullorðinsflokki, Diego Valencia lenti í 2. sæti í sama flokki, Aron Anh Ky Huynh varð í 2. sæti í flokki karla -67 kg og Kristján Helgi Carrasco varð í 3. sæti í flokki karla -75 kg. Sverrir Ólafur Torfasson varð í 2. sæti í opnum flokki karla og Kristján Helgi Carrasco varð í 3. sæti í sama flokki.

ÍR varð Íslandsmeistari í liðakeppni karla. Í liðinu voru þeir Kristján Helgi Carrasco, Diego Valencia og Sverrir Ólafur Torfason. Þá varð ÍR í 2. sæti í heildarkeppni félaga.

Þjálfari Karatedeildar ÍR er Vicente Carrasco.

Diego Valencia, Sverrir Ólafur Torfasson og Aron Breki Heiðarsson.

Kristján Helgi Carrasco, Vicente Carrasco og Sverrir Ólafur Torfasson.

# Sex ÍR-ingar í unglingalandsliðshópa í körfubolta

**Þjálfarar yngri landsliða Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ) hafa valið sína fyrstu æfingahópa fyrir verkefni næsta sumars. ÍR-ingar eiga sex fulltrúa í U18 og U16 liðum karla.**

Í U18 voru þeir Eyjólfur Ásberg Halldórsson, Hákon Hjálmarsson og Sigurkarl Jóhannesson valdir. Í U16 voru þeir Einar Gísli Gíslason, Ingvar Hrafn Þorsteinsson, Sigvaldi Eggertsson valdir.

## Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

# Sveinbjörn Claessen með tímamótaleik

**Sveinbjörn Claessen, fyrirliði ÍR liðsins í körfubolta, lék tímamótaleik í síðustu viku þegar ÍR-ingar heimsóttu Snæfellinga í Stykkishólm og sigruðu af öryggi 96-72 undir stjórn nýs þjálfara Borche Ilievski. Þetta var 200. leikur Sveinbjarnar fyrir ÍR í úrvalsdeild karla.**

Hann er annar ÍR-ingurinn sem nær þessum áfanga en Eiríkur Önundarson hefur leikið flesta leiki fyrir ÍR í efstu deild eða 350. Fyrsti úrvalsdeildarleikur Sveinbjarnar var líka á Vesturlandinu þegar hann skoraði 9 stig í tapi gegn Skallagrími í Borgarnesi 7. október 2004.

Sveinbjörn missti mikið úr á árunum 2009 til 2012 vegna meiðsla. Frá upphafi tímabilsins 2012-13 til dagsins í dag hefur Sveinbjörn spilað 70 leiki í röð með ÍR í úrvalsdeildinni. Hann hefur skorað 2.376 stig í leikjunum 200 eða 11,9 stig að meðaltali í leik. Sveinbjörn vantar nú "aðeins" níu stoðsendingar upp á það að vera með bæði 500 fráköst og 500 stoðsendingar í úrvalsdeildinni. Sveinbjörn er einstakur vinnuþjarkur, foringi innan vallar sem utan og frábær fyrirmynd yngri leikmanna. ÍR-ingar þakka Sveinbirni fyrir glæsilegt framlag til körfuboltans hjá ÍR og óska þess um leið að hann eigi eftir að spila hundruð leikja með ÍR til viðbótar við þá 200 sem nú eru að baki.

Sveinbjörn Claessen á leikvellinum.

# Þorrafagnaður ÍR eftirsóttur

**Árlegur Þorrafagnaður ÍR verður haldinn í fimmta skipti laugardagskvöldið 16. janúar n.k. Viðburðurinn nýtur sívaxandi vinsælda og er nú orðinn einn af mikilvægustu félagslegum viðburðunum sem haldnir eru í Breiðholti.**

Forsala aðgöngumiða fór fram 2. desember og er skemmst frá því að segja að öll borðin í salnum seldust upp á 90 mínútum, samtals 70 borð með 12 sætum við hvert borð. Á skrifstofu ÍR eru því engir miðar eftir í sölu, en hugsanlegt er að þeir sem keyptu borð með tólf miðum hafi miða aflögu. Fyrir þá sem vilja skrá sig á biðlista eftir miðum sem hugsanlega yrðu á lausu eða þeir sem vilja losna við miða er bent á facebook síðuna: Þorrafagnaður ÍR miðasala.

**Heimasíða ÍR: www.ir.is**

1X2
GETRAUNANÚMER
ÍR ER 109

# Stóðu sig frábærlega

Þóranna Vigdís og Guðrún Hólm.

**Stúlkna- og drengjasveit úr Breiðholtsskóla teflди á skákmóti SFS og TR í Faxafeni 29. og 30. nóvember.**

Drengjasveitin stóð sig með ágætum. Hana skipuðu: Rafael Fannar Oddgeirsson, Egill Skorri Vigfússon, Þröstur Steinn Vöggsson og Björgvin Hafliði Atlason. Stúlkurnar okkar þær Þóranna Vigdís Sigurðardóttir og Guðrún Hólm Aðalsteinsdóttir stóðu sig frábærlega og komu heim með bronsið eftir harða keppni.

# Hlutu verðlaun fyrir myndband

Katla, Silja, Ólöf og Kolbrún með verðlaunaféð

**Katla, Silja, Ólöf og Kolbrún allar úr 10. bekk Ölduselsskóla tóku þátt í verkefninu Aðgengi að lífinu og sendu inn myndband í keppnina.**

Þær lentu í öðru sæti og hlaut hver og ein 30 þúsund krónur í verðlaun auk þess sem þeim var boið út að borða á Hamborgarafabrikkunni. Það var Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands sem verðlaun fyrir fimm bestu myndböndin.

„Ég er löggiltur fasteignasali og hef starfað við sölu fasteigna samfleytt frá árinu 1997“.

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali
s. 690 3111

LIND FASTEIGNASALA